

Árskýrsla Mannréttindaskrifstofu Íslands 2008

Útgefandi: Mannréttindaskrifstofa Íslands

Prentun: Leturprent

Kápumynd: Anton Kaldal

© 2009 Mannréttindaskrifstofa Íslands

ISSN: 1670-8032

Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án leyfis útgefanda.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
AÐILDARFÉLÖG OG STJÓRN	3
Aðildarfélag og fulltrúar í stjórn	3
FJÁRMÁL OG REKSTUR	4
Fjármál	4
Húsnæðismál	4
Starfsmannamál og skrifstofuhald	4
Heimasíða og vefsetur um mannréttindi	4
Bókasafnið	4
STARFSEMIN INNLANDS	5
Aðstoð og upplýsingagjöf	5
Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur	5
Ráðstefnur, viðburðir og herferðir	6
21. mars og Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti	6
Námsstefna fyrir frjáls félagasamtök og launþegasamtök um bann við mismunun	7
Þjóðbundnar mannréttindastofnanir	7
Hnattvæðing og nútíma fólksflutningar	8
Alþjóðadagur flóttamanna	8
16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi	9
Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna	10
Framlag til funda og ráðstefna	12
Mannréttindafræðsla	12
Styrkir til rannsókna	12
Útgefið efni	13
Samráðsfundir með stjórnvöldum	15
Móttökustöð hælisleitenda	16
Auglýsingaherferð gegn mismunun	16
Fjölmiðlar og opinber umræða	17
ERLENT SAMSTARF	20
Peace Boat	20
NGO-Coalition for OP-ICESCR	21
Human Rights Education Project	21
AHRI - The Association of Human Rights Institutes	20
Sameinuðu þjóðirnar	21
Nefnd gegn pyndingum	21
Kvennanefndin	22
Evrópuráðið	26
Global Initiative on Psychiatry (GIP)	26
Norrænt samstarf	26
Evrópusambandið	26

INNGANGUR

framkvæmdastjóra



Mannréttindaskrifstofa Íslands var stofnuð á Þingvöllum hinn 17. júní 1994, á fimmtíu ára afmæli íslenska Lýðveldisins, samtímis því sem Alþingi Íslendinga samþykkti á sérstökum fundi á Lögbergi að endurskoða mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Skrifstofan er í dag samtök fjórtán félagasamtaka og stofnana sem öll vinna á einhvern hátt að mannréttindum. Aðildarfélög eru: Biskupsstofa, Barnaheill, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, Hjálparstarf kirkjunnar, Íslandsdeild Amnesty International, Jafnréttisstofa, Kvenréttindafélag Íslands, Landssamtökin Proskahjálp, Rauði kross Íslands, Samtökin '78, Siðmennt - félag Siðrænna húmanista, Unifem á Íslandi og Öryrkjabandalagið.

Skrifstofan hefur engin tengsl við stjórnmalaflokka eða stefnur og tekur ekki afstöðu til einstakra mála nema þau snerti mannréttindi sérstaklega. Tilgangur MRSÍ er að vinna að framgangi mannréttinda með því að veita upplýsingar um mannréttindamál og stuðla að fræðslu og rannsóknum. Skrifstofan gegnir einnig ákveðnu eftirlitshlutverki gagnvart stjórnvöldum sem felst í umsögnum um lagafrumvörp og skýrslugerð fyrir eftirlitsnefndir S.þ. og Evrópuráðið. Þá kemur Mannréttindaskrifstofan fram fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi, m.a. AHRI, COST verkefni Evrópusambandsins, HREP-verkefninu með Friðarháskóla S.þ., samtökum mannréttindastofnana í Evrópu og í norrænu samstarfi.

Meginþættir starfs skrifstofunnar, fyrir utan hefðbundin verkefni á árinu, voru skipulagning og framkvæmd umfangsmikils ESB-verkefnis *Þjálfun gegn mismunun fyrir félagasamtök og launþegahreyfinguna* og hátíðarfundar og útgáfu í tilefni af 60 ára afmæli Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Að vanda var unninn fjöldi umsagna um lagafrumvörp, fyrirlestrahald var nokkuð, vinna við alþjóðlega fræðsluverkefnið Human Rights Education Project, vefleikinn Flóttá og við ritröð var töluverð. Unnar voru tvær viðbótarskýrslur fyrir eftirlitsnefndir S.þ.; fyrir nefnd gegn pyntingum og nefnd um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Þá sóttu fulltrúar skrifstofunnar fundi þessara nefnda og funduðu með sérfræðingum þeirra. Áfram var unnið að uppbyggingu

heimasíðu, vefseturs og bókasafnsins. Skipulagning Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti var nokkuð tímafrek að vanda en viðburður 21. mars tókst afar vel og er það ánægjulegt að átakið fer nú fram á landsvísu þar sem viðburðir voru haldnir í Reykjavík, á Akureyri og á Ísafirði. Skipulagning 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi var vandasöm á höfuðborgarsvæðinu þar sem hrun fjármálakerfisins setti strik í reikinginn og en átakið tókst afar vel á Akureyri. Sem fyrr, fór mikill tími í umsóknir um styrki en það var mikið gleðiefni í lok árs 2007 þegar ljóst varð að stjórnvöld ætluðu skrifstofunni 10 milljónir króna á fjárlögum 2008. Þá var það einng afar ánægjulegt að skrifstofan gerði samstarfssamning við utanríkisráðuneyti til 3 ára. Samningurinn er tilkomin fyrir tilstilli formanns Brynhildar G. Flóvenz en stjórn og starfmenn þakka henni frábært samstarf og þrotlausa vinnu í þágu skrifstofunnar og mannréttinda undanfarin 4 ár.

Mannréttindaskrifstofan er sýnilegri en oft áður og hefur stuðlað að því að töluvert var fjallað um mannréttindi á opinberum vettvangi. Ýmislegt markvert gerðist á árinu er snertir mannréttindi. Mannréttindanefnd S.þ úrskurðaði í fyrsta sinn í kærumáli gegn íslenskum stjórnvöldum og tvær eftirlitsnefndir birtu tilmæli sín til Íslands. Fyrsta framkvæmdaáætlunin í málefnum innflytjenda var samþykkt auk nýrra jafnréttis laga og laga um meðferð sakamála.

Mannréttindaskrifstofan hefur eflst og dafnað á tímabilinu og má það einkum þakka þrýðisstarfsfólki og stjórn. Fjárstuðningur hins opinbera hefur skipt sköpum því sífellt bætist í verkefnaflórana. Það er von mín að Mannréttindaskrifstofan haldi áfram að vaxa og geti unnið að eflingu og vernd mannréttinda á sem víðtækustum grunni. Mannréttindastarf, sem byggir á mannhelgi og jafnrétti, er forsenda farsæls samfélags og öllum Íslendingum til hagsbóta. Öflug mannréttindavernd skiptir sköpum á þeim erfiðu tímum sem Íslendingar standa nú frammi fyrir.

Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri.

AÐILDARFÉLÖG og stjórn

Aðildarfélög og stjórn

Á aðalfundi 2007 var Brynhildur G. Flóvenz, aðalfulltrúi Íslandsdeildar Amnesty International, kjörin formaður, Gestur Hrólfsson, aðalfulltrúi Rauða kross Íslands, var endurkjörinn varaformaður og Vilborg Oddsdóttir, aðalfulltrúi Hjálparstofnunar kirkjunnar, var kjörin gjaldkeri. Tilnefningar til stjórnar, endurskoðanda og kjörnefndar voru samþykktar samhljóða. Í kjörnefnd eru Gerður A. Árnadóttir, Jónas Þórisson og Sigursteinn Másson. Endurskoðandi er Einar Hafliði Einarsson hjá Deloitte & Touche. Sérfræðingar stjórnar eru sem áður: Guðmundur Alfreðsson, Jakob Möller og Hjördís Hákonardóttir. Aðildarfélög og fulltrúar í stjórn eftir aðalfund voru sem hér segir:

Amnesty International Íslandsdeild:

Aðalfulltrúi: Brynhildur G. Flóvenz
Varafultrúi: Árni Múli Jónasson

Barnaheill:

Aðalfulltrúi: Árni Geir Pálsson
Varafultrúi: Petrína Ásgeirsdóttir

Biskupsstofa:

Aðalfulltrúi: Arnprúður S. Björnsdóttir
Varafultrúi: Toshiki Toma

Háskólinn á Akureyri:

Aðalfulltrúi: Ágúst Þ. Árnason.
Varafultrúi: Kristín Jónasdóttir

Háskólinn í Reykjavík:

Aðalfulltrúi: Oddný Mjöll Arnadóttir
Varafultrúi: Guðrún Gauksdóttir

Hjálparstarf kirkjunnar:

Aðalfulltrúi: Vilborg Oddsdóttir
Varafultrúi: Jónas Þórisson

Jafnréttisstofa:

Aðalfulltrúi: Margrét H. Sigurðardóttir
Varafultrúi: Ótilnefndur

Kvenréttindafélag Íslands:

Aðalfulltrúi: Ragnhildur Guðmundsdóttir
Varafultrúi: Anna G. Ólafsdóttir.

Rauði krossinn:

Aðalfulltrúi: Gestur Hrólfsson
Varafultrúi: Kristján Sturluson

Samtökin '78:

Aðalfulltrúi: Hrafnkell Stefánsson
Varafultrúi: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Siðmennt - Félag siðrænna húmanista:

Aðalfulltrúi: Bjarni Jónsson
Varafultrúi: Hope Knutsson

Unifem:

Aðalfulltrúi: Sjöfn Vilhelmsdóttir
Varafultrúi: Guðrún Margrét Guðmundsdóttir

Landssamtökin Proskahjálp:

Aðalfulltrúi: Gerður A. Árnadóttir
Varafultrúi: Friðrik Sigurðsson.

Öryrkjabandalag Íslands:

Aðalfulltrúi: Sigursteinn Másson
Varafultrúi: Hafdís Gísladóttir

FJÁRMÁL og rekstur

Fjármál

Framlag stjórnvalda hækkaði fyrir árið 2008 í 10 milljónir króna sem veittar voru úr Mannréttindasjóði dóms- og kirkjumálaráðuneytis og var þetta mikið ánægjuefni. Sem fyrr var mikill akkur af stuðningi einkaaðila en einnig fengust nokkur verkefni styrkt úr ESB-sjóðum. Kann skrifstofan ofangreindum aðilum og fjölda annarra stofnana og einstaklinga ómældar þakkir fyrir stuðninginn.

Húsnæðismál

Mannréttindaskrifstofan hefur aðsetur í Hafnarstræti 20. Þar sem áformum um að rífa húsið hefur verið frestað mun skrifstofan hafa aðsetur þar um sinn.

Starfsmannamál og skrifstofuhald

Framkvæmdastjóri var áfram Guðrún D. Guðmundsdóttir. Sandra Lyngdorf, lögfræðingur, sem verið hafði í fullt starfi hóf doktorsnám en Auður Birna Stefánsdóttir, stjórn-málafræðingur var ráðin í hennar stað. Erna Sif Jónsdóttir, MA, Kolbrún Birna Árdal, MSc og Elín Vigdís Guðmundsdóttir, laganemi, hafa unnið hlutastörf á árinu. Neil Kelleher og Mary E. Little, lögfræðingar, unnu að HREP-verkefninu ásamt laganemum við Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna. Um bókhald skrifstofunnar sér Kolbrún Sigríður Hilmarsdóttir, bókari. Þakkar stjórnin öllu starfsfólki einstaklega vel unnin störf á árinu.

Á árinu unnu tveir starfsmenn á skrifstofunni: Brendan Hough, laganemi frá Ástralíu og Francois Braun, laganemi frá Frakklandi og kann framkvæmdastjóri þeim góðar þakkir fyrir velunnin störf. Að vanda hefur fjöldi fyrirspurna borist um möguleika á starfsþjálfun fyrir næsta starfsár.

Heimasíða og vefsetur um mannréttindi

Til að auðvelda aðgengi að upplýsingum um mannréttindamál hefur um nokkurt skeið verið unnið að endurbótum á heimasíðu skrifstofunnar og söfnun gagna í umfangsmikinn gagnvirkann gagnagrunn um mannréttindamál á Íslandi og erlendis. Glæsileg heimasíða skrifstofunnar er sífellt að stækka í sniðum en þar er að finna vefsetur um mannréttindi sem inniheldur m.a.: a) greinar um ýmsa þætti mannréttinda, b) greinar um ákveðna hópa og réttindi þeirra s.s. konur, börn, hælisleitendur og samkynhneigða, c) skýrslur nefnda ráðuneyta og þings, d) innlend lög og helstu alþjóðasamninga, e) efni frá Sameinuðu þjóðunum, f) dóma alþjóðlegra mannréttindadómstóla o.fl. Þá er að finna á síðunni efni úr alþjóðlega rannsóknarverkefninu *Human Rights Education Project* auk almennra upplýsinga um mannréttindi á Íslandi. Enn er unnið að vefsetri um mannréttindi, *Mannréttindi og Ísland*, sem styrkt var af Reykjavíkurbild Rauða krossins en það er komið vel á veg.

Á heimasíðunni er einnig að finna tengla á upplýsingasíður skrifstofunnar um *Keep them safe*-átakið sem hvetur til umbóta á hælisstefnu Norðurlanda, *16 daga átak gegn kynbundnu odbeldi og Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti*.

Bókasafnið

Frá stofnun Mannréttindaskrifstofunnar hefur verið unnið að uppbyggingu sérhæfðs bókasafns með fræðibókum, kennslu-efni og tímaritum um mannréttindamál. Ekkert annað slíkt bókasafn er til á Íslandi en mikið er leitað til skrifstofunnar af sérfræðingum, nemum, kennurum og almenningi. Á tíma-bilinu hefur nokkur fjöldi rita bæst í safnið en einnig er skrifstofan áskrifandi að *Human Rights Quarterly* og greinasöfnunum *Hein-on-Line* og *Questia*. Frá árinu 2007 hefur verið unnið að skráningu efnis bókasafnsins í Landskerfi bókasafna og er því hægt að nálgast upplýsingar um safnkost skrifstofunnar í Gegni, gagnagrunni landskerfisins.

STARFSEMIN

innanlands

Aðstoð og upplýsingagjöf

Að vanda var mikið leitað til skrifstofunnar af einstaklingum, nemum og stofnunum um upplýsingar um mannréttindamál. Starfsfólk hefur aðstoðað eftir föngum en æskilegast væri að ráða lögfræðing í fullt starf til að leiðbeina fólki sem leitar upplýsinga um rétt sinn.

Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur

Á tímabilinu hefur talsverð vinna verið lögð í umsagnir um lagafrumvörp enda hafa mörg frumvörp verið lögð fram þar sem mannréttindareglur koma til álita. Því miður kemur það fyrir að fjöldi frumvarpa berst á sama tíma, með stuttum umsagnarfresti, svo ekki gefst nægur tími til að gera ítarlegar umsagnir. Fulltrúar skrifstofunnar sátu fundi með fjölda þingnefnda til að fjalla um hin ýmsu mannréttindamál. Á árinu voru helstar eftirfarandi umsagnir:

- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19, 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningþvætti), 134. löggjafarþing 2007-2008, þskj. 197. 184. mál.

- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um nálgunarbann, heildarlög, 135. löggjafarþing 2007-2008, 294. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu um frumvarp um breytingar á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, flokkar dvalarleyfa, EES-reglur o.fl., 135. löggjafarþing 2007-2008, 337. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um að fordæma mannréttindabrot og hvetja bandarísk yfirvöld til að loka fangabúðunum í Guantanamo, 135. löggjafarþing 2007, 2008, þskj. 107, 107. mál.

Umsagnirnar hafa ekki verið sendar fjölmiðlum eins og mörg önnur samtök hafa gert í vaxandi mæli en þetta mætti endurskoða þegar um veigamiklar umsagnir er að ræða.

Upplýsingagjöf til sendiráða

Að vanda leituðu mannréttindafulltrúar ýmissa erlendra sendiráða eftir upplýsingum um mannréttindamál hjá skrifstofunni.



Mannréttindaskrifstofan gerði umsagnir um fjölda lagafrumvarpa á árinu og átti fundi með þingnefndum til þess að fylgja umsögnunum eftir.

Ráðstefnur, viðburðir og herferðir

Mannréttindaskrifstofan stóð á árinu fyrir fjölda viðburða af ýmsum toga.

Opinn fundur í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti

Mannréttindaskrifstofan hefur undanfarin ár tekið þátt í skipulagningu hátíðarfundar í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti sem Menningar og friðarsamtök íslenskra kvenna, MFÍK, stýra. Haldinn var opinn fundur fimmtudaginn 8. mars 2008 í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur þar sem fram kom fjöldi fyrirlesara og listafólks. Viðburðurinn var vel sóttur og vel heppnaður í alla staði.

21. mars og Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti

Mannréttindaskrifstofan hafði að vanda umsjón með skipulagningu Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti og viðburði í tilefni af 21. mars, alþjóðadegi gegn kynþáttamisrétti. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna valdi þessa dagsetningu í minningu 69 mótmælenda sem myrtir voru 21. mars 1960 er þeir tóku þátt í mótmælum gegn aðskilnaðarstefnu stjórnvalda í Suður-Afríku. Í tengslum við 21. mars fer fram Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti en þá koma þúsundir manna saman til að kveða niður kynþáttafordóma og misrétti í álfunni.

Birtingarmyndir kynþáttamisréttis eru ólíkar eftir löndum og menningarsvæðum en kynþáttamisrétti nær yfir vítt svið - allt frá fordómum til ofbeldisverka. Kynþáttamisrétti á Íslandi felst helst í útlendingafælni og duldem fordómum

gagnvart fólki af erlendum uppruna en hefur í fáum tilfellum einnig brotist út í ofbeldi. Fordómar birtast einkum í hversdagslífinu - þegar talað er niður til þeirra sem ekki eru skilgreindir sem „hreinir“ Íslendingar og fólk fær lakari þjónustu og atvinnu. Á árinu voru málefni innflytjenda ofarlega á baugi og það er áhyggjuefni hversu bar á fordómum og útlendingafælni í umræðunni.

Til að vinna gegn misrétti og fordómum í garð fólks af erlendum uppruna á Íslandi tóku Mannréttindaskrifstofa Íslands, Þjóðkirkjan, Alþjóðahús, Amnesty International, Rauði krossinn, Ísland Panorama og Soka Gakkai á Íslandi þátt í Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti með ýmsum hætti en helst voru viðburðir í tilefni af 21. mars í Smáralind, á Glerártorgi og í Neistanum, Ísafirði. Margt listafólk steig á stök og ungt fólk bauð upp á fjölmenningsþjall, sælgæti og barmmerki. Hara-systur skemmtu í Smáralind og hljómsveitin Edocsil steig á stök í Neista.

Í tilefni af 21. mars hannaði starfsfólk Mannréttindaskrifstofu einnig bol með merki Evrópuvikkunnar og yfirskriftinni *Inn við beinið erum við öll EINS*, sem ungmennin fengu gefins í tilefni dagsins.

Viðburðirnir voru afar vel heppnaðir í alla staði. Ungmennin stóðu sig með mikilli þryði og skemmtu sér konunglega en Mannréttindaskrifstofan kann þeim bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf. Mannréttindaskrifstofan kann einnig þeim sem styrku átakið góðar þakkir fyrir, einkum Smáralind, Þjóðkirkjunni og Rauða krossinum. Sérstaklega ber að þakka Toshiki Toma, þjóðkirkjuprest, fyrir mikið starf í tengslum við Evrópuvikuna og afar ánægjulega samvinnu.




Fjöldi ungmenna frá ýmsum samtökum víðsvegar um landið tók þátt í viðburðum tengdum Evrópuvikunni.

Mannréttindaskrifstofan hélt utan um Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti í þriðja sinn og hannaði af því tilefni boli með merki vikkunnar.

Mannréttindaskrifstofan hafði umsjón með námsstefnu ESB gegn mismunun á Íslandi. Á fimmta tug manns tóku þátt í námskeiðinu en á myndinni sést Nicola Dandridge, sérfræðingur ESB fjalla um málaferli í Bretlandi

Hluti verkefnisins fólst í gerð fræðsluefnis um tilskipanir ESB gegn mismunun.



Námsstefna fyrir frjáls félagasamtök og launþegasamtök um bann við mismunun

Mannréttindaskrifstofan og Ráð Evrópusambandsins stóðu að námsstefnu þann 14. apríl í Háteig, Grand Hótel. Námsstefnan var ætluð frjálsum félagasamtökum og launþegasamtökum sem berjast gegn mismunun, eða hyggja á baráttu gegn mismunun, á grundvelli kynþáttar, þjóðernisuppruna, aldurs, fötlunar, kynhneigðar og trúar eða annarra lífsskoðana. Fjallað var um hlutverk frjálsra félagasamtaka og launþegahreyfingarinnar í baráttu gegn mismunun á grundvelli ESB tilskipana er banna mismunun vegna kynþáttar, þjóðernisuppruna, aldurs, fötlunar, kynhneigðar og trúar eða annarra lífsskoðana.

Námsstefnan er hluti af verkefni Ráðs Evrópusambandsins sem ber yfirskriftina: Anti-Discrimination and Diversity training (VT/2006/009). Samtökin Human European Consultancy og Migration Policy Group héldu utan um verkefnið en námskeið voru haldin í öllum ESB- og EFTA-löndum ásamt Tyrklandi. Mannréttindaskrifstofa Íslands stýrði verkefninu á Íslandi.

Námsstefnan var styrkt af Ráði Evrópusambandsins og Evrópuári jafna tækifæra og hafði það markmið að efla getu borgaralegs samfélags til að berjast gegn mismunun. Á námsstefnunni, sem þróuð var af hópi alþjóðlegra sérfræðinga, var m.a. fjallað um hugtakið mismunun, atvinnu- mála- og kynþáttatilskipanir ESB, leiðir til vitundarvakningar, samstarf við stjórnvöld, stuðning við fórnarlömb, meðferð kærumála, kæruleiðir og íslenska löggjöf sem bannar mismunun.

Samið var viðamikið námsefni á íslensku fyrir námsstefnuna og efni frá Evrópusambandinu þýtt. Ætlunin er að námsefnið geti síðan nýst við námskeið fyrir atvinnulífið, jafnréttisfulltrúa sveitarfélaga, o.fl. á námsstefnum sem haldnar verði með reglulegu millibili. Tveir innlendir sérfræðingar, Margrét Steinarsdóttir, lögfræðingur og Guðrún D. Guðmundsdóttir, mannréttindafræðingur, og einn erlendir sérfræðingur frá ESB, Nicola Dandridge, lögmaður, sáu um gerð námsefnisins og þjálfun á námsstefnunni. Guðrún og Margrét sátu sérstakt námskeið sem ESB stóð fyrir í Stokkhólmi þar sem fjallað var um fyrirkomulag námsstefna gegn mismunun, fræðsluáðferðir og tilskipanir ESB. Fjörutíu og fimm þátttakendur sátu námsstefnuna endurgjaldslaust en greitt var fyrir ferðalög og gistingu fyrir þá sem komu langt að. Námsstefnan fór fram á íslensku og ensku. Þátttakendur voru afar ánægðir með ráðstefnuna en í tilefni hennar var gefið út sérstakt námsefni sem styrkt var af ESB og ætlunin er að birta sem hluta af ritröð skrifstofunnar.

Þjóðbundnar mannréttindastofnanir

Mannréttindaskrifstofan bauð til fundar 3. júní í Hringborðsstofu, Þjóðmenningarhúsi, þar sem fjallað var um þjóðbundnar mannréttindastofnanir (e. National Human Rights Institutions - NHRIs). Aðalfyrirlesari var Birgitte Kofod Olsen. Birgitte er doktor í mannréttindum og forstöðukona innanlandsdeildar Dönsku mannréttindastofnunarinnar. Birgitte sagði stjórn Mannréttindaskrifstofunnar og fleiri gestum frá starfsemi dönsku stofnunarinnar (DIHR). Hún er þjóðbundin mannréttindastofnun sem sett var á fót



Gísli S. Einarsson, bæjarstjóri á Akranesi heldur ræðu á alþjóðadegi flóttamanna sem haldinn var hátíðlegur 20. júní 2008.

Guðmundur Eiríksson frá utanríkisráðuneytinu, Helga H. Halldórsdóttir Rauða krossi, Thomas Straub frá Flóttamannastofnun SP og Guðrún D. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu á alþjóðadegi flóttamanna.

samkvæmt Parísarreglum Sameinuðu þjóðanna. Starf DIHR felst meðal annars í rannsóknum, upplýsingamiðlun, skýrslugerð og kærmeðferð auk fjölda annarra innlendra og erlendre verkefna. DIHR hefur þverfaglega nálgun á mannréttindi, við stofunina starfa um 80 einstaklingar, flestir með menntun í lögfræði, stjórn málafræði, hagfræði og félagsvísindum. DIHR er ein af stærsta þjóðbundnu mannréttindastofunin í heimi og er afar virt á alþjóðlegum vettvangi.

Birgitte sagði einnig frá ýmsum gerðum þjóðbundinna stofnana, s.s. mannréttindaráðum og umboðsmannastofnunum ásamt því að fjalla um Parísarreglurnar og kosti og galla mismunandi tegunda mannréttindastofnana.

Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, fjallaði síðan um kosti þess og galla að Mannréttindaskrifstofa Íslands yrði þjóðbundin stofnun en skrifstofan hefur formlega list því yfir að hún sé reiðubúin að taka að sér það hlutverk í samræmi við Parísarreglurnar. Fundurinn var vel sóttur, gestir afar áhugasamir um viðfangsefnið og spunnust gagnlegar umræður meðal stjórnarfólks. Á fundinum var einnig kynnt áttunda ritið í Ritroð Mannréttindaskrifstofunnar sem ber yfirskriftina *Þjóðbundnar mannréttindastofnanir*.

Hnattvæðing og nútíma fólksflutningar

Samstarfshópurinn Allar heimsins konur, sem Mannréttindaskrifstofan er aðili að, stóð fyrir ráðstefnu í janúar um stöðu kvenna í heimi hnattvæðingar. Sérstök áhersla var lögð á að raddir kvenna af erlendum uppruna á Íslandi heyrðust. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra opnaði ráðstefnuna en gestafyrirlesari var dr. Rhacel Salazar Parrenas prófessor við Kaliforníuháskóla. Konur af erlendum uppruna sem búa á Íslandi fluttu erindi um reynslu sína og leikkonur komu fram. Ráðstefnan var fjölmenn og afar velheppnuð í alla staði.

Alþjóðadagur flóttamanna 20. júní

Mannréttindaskrifstofan skipulagði dagskrá í tilefni af alþjóðadegi flóttamanna, 20. júní á Akranesi í samstarfi við Rauða kross Íslands, Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og fleiri aðila. Alþjóðadagurinn var haldinn hátíðlegur á Akranesi þetta árið í tilefni af því að bæjarfélagið bjó sig undir að taka á móti hópi flóttafólks frá Palestínu. Sérstakt tjald frá Flóttamannastofnun var reist við kaffihúsið Skrudgarðinn þar sem fólk gat kynnt sér flóttamannaverkefni stjórnvalda og það ferli sem flóttafólk þarf að ganga í gegnum áður en því er veitt hæli í öðru landi. Einnig voru sýndar kvikmyndir og ljósmyndir úr flóttamannabúðum og boðið upp á margs konar fræðsluefni.

Thomas Straub, fulltrúi Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna flutti ávarp þar sem hann fagnaði ákvörðun íbúa Akraness að taka við flóttafólki frá Palestínu og hrósaði Íslendingum fyrir góð móttökuskilyrði fyrir kvótaflóttamenn. Hann benti á að vernd flóttamanna fælist í því að tryggja að þeir sem flýja ofbeldi og ofsóknir fái skjól og aðstoð, sem og stuðning í langri útlegð sinni og að lokum langtíma lausnir til að fólk geti lifað eðlilegu lífi að nýju. Hins vegar væri sífellt erfiðara að tryggja þessa vernd þar sem stjórnvöld víða um heim, þar sem mikil áhersla væri á að koma í veg fyrir ólöglega innflytjendur, gerðu ekki nægan greinarmun á fólki sem flytur frá heimalandi sínu af fúsum og frjálsum vilja og þeim sem flýja ofsóknir og ofbeldi. Flóttafólki væri því oft snúið aftur við landamæri ríkja þar sem það leitaði öryggis og skjóls.

Gísli S. Einarsson, bæjarstjóri á Akranesi flutti stutt ávarp þar sem hann lýsti ánægju bæjarbúa vegna komu flóttafólksins og sagði frá þeim verkefnum sem framundan væru í tengslum við komu þeirra. Í tilefni dagsins var Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra afhent fyrsta eintakið af *Handbók Flóttamanna*.

mannastofnunar Sameinuðu þjóðanna um réttarstöðu flóttamanna í íslenski þýðingu. Handbókin var gefin út af Mannréttindaskrifstofu Íslands og Rauða krossinum með styrk frá dómsmálaráðuneyti og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.

16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

Líkt og undanfarin ár hafði skrifstofan aðalumsjón með skipulagningu 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi en árið 2008 var 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi ýtt úr vör í 18 sinn. Átakið hefst ár hvert þann 25. nóvember, á alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi og stendur til 10. desember, hins alþjóðlega mannréttindadags. Þessar dagsetningar voru valdar þar sem þær tengja á táknrænan hátt kynbundið ofbeldi og mannréttindi en átakið hefur frá árinu 1991 unnið markvisst að því að draga kynbundið ofbeldi fram í dagsljósið sem mannréttindabrot. Hópar og samtök um allan heim krefjast aðstoðar og stuðnings til handa fórnarlömbum ofbeldis, til að styrkja forvarnastarf og þrýsta á um breytingar á löggjöf til að bæta réttarstöðu þolenda. Þá hefur átakið verið nýtt til að stuðla að því að alþjóðlegum mannréttindareglum sé beitt til að vinna gegn kynbundnu ofbeldi sem mannréttindabroti, heilbrigðisvandamáli og ógn við mannfrelsi og frið um allan heim.

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna varð 60 ára á árinu en hún er undirstaða allra þeirra alþjóðlegra mannréttindasamninga sem milljónir manna byggja rétt sinn á. Alþjóðleg mannréttindavernd og réttindi kvenna eiga undir högg að sækja en því var 16 daga átakið þetta árið tileinkað mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og aðgerðum til að tryggja konum þau réttindi sem hún kveður á um. Sérstök áhersla var lögð á að binda enda á ofbeldi gegn konum, stuðning við konur sem berjast fyrir mannréttindum, stuðla að auknu jafnrétti kynjanna innan stofnana Sameinuðu þjóðanna og að auka fjárframlög til baráttunar gegn kynjamisrétti.

Á Íslandi komu á fjórða tug aðila og samtaka sem láta sig málefnið varða að margvíslegum viðburðum í því augnamiði að vekja athygli almennings á orsökum og afleiðingum kynbundins ofbeldis. Í ljósi aðstæðna á Íslandi á þessum tíma var sjónum beint sérstaklega að því að standa vörð um mannhelgi og mannréttindi kvenna í efnahagskreppunni. Yfirskrift átakins árið 2008 var því *Mannréttindi kvenna eru ekki munaður!* og var þannig lögð áhersla á að opinberar aðgerðir til að vernda mannréttindi kvenna eru ekki munaður

sem kasta má fyrir róða þegar skórinn kreppir. Auk Mannréttindaskrifstofunnar tóku eftirfarandi aðilar þátt í átakinu: Aflið, Alnæmisbörn, Alnæmissamtökin á Íslandi, Alþjóðahús, Amnesty International á Íslandi, Barnaheill, Blátt áfram, Bríet – félag ungra femínista, Femínistafélag Íslands félagsmálaráðuneyti, Forma, Háskólinn á Akureyri, Jafningjafræðsla Hins hússins, Jafnréttisstofa, Kvenfélagasamband Íslands, Kvennahreyfing Öryrkjabandalags Íslands, Kvennáráðgjöfin, Kvennasögusafnið, Kvenréttindafélag Íslands, Lögreglan í Reykjavík, Neyðarmóttaka vegna nauðgunar, Prestur innflytjenda, Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, Rauði Kross Íslands, Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, Samtök um kvennaathvarf, Soroptimistasamband Íslands, Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa, Stígamót, UNICEF á Íslandi, UNIFEM á Íslandi, V-dags-samtökin, Zonta á Íslandi og Þjóðkirkjan.

Mannréttindaskrifstofan birti í tilefni af átakinu grein þar sem lögð var áhersla á það að fyrirhugaður niðurskurður bitnaði ekki á aðgerðum gegn kynbundnu ofbeldi og aðstoð við fórnarlömb sem þegar væri afar þröngur stakkur skorinn. Skrifstofan vakti athygli á því að rannsóknir sýna að efnahagsþrengingar geta leitt til aukins kynbundins ofbeldis og að þegar leituðu fleiri konur til Kvennaathvarfsins en vant væri. Skrifstofan hvatti til þess að staðinn yrði vörður um mannhelgi og mannréttindi kvenna á þessum örlagatímum þar sem aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi og aðstoð við þolendur séu ekki munaður sem kasta má fyrir róða þegar skórinn kreppir.

Kvikmyndahátíð um ofbeldi gegn konum

Í tengslum við 16 daga átak stóð skrifstofan fyrir kvikmyndahátíð um málefni tengd mannréttindum kvenna og kynbundnu ofbeldi ásamt Hinu húsinu og Amnesty International. Tvær athyglisverðar heimildamyndir tengdar ofbeldi gegn konum voru sýndar. Önnur myndin ber heitið, *Más allá del papel* (Ekki bara orðin tóm) og fjallar á áhrifaríkan hátt um heimilisofbeldi á Spáni og þær hindranir og erfiðleika sem konur standa frammi fyrir er þær reyna að flýja ofbeldissambönd. Hin heimildamyndin ber titilinn *Lumo* og er í fullri lengd. Hún segir frá baráttu ungrar konu í Austur-Kóngó fyrir bata í stríðshráðu landi þar sem hermenn og skæruliðar nota nauðgun sem vopn til að vekja hræðslu og skelfingu. Eftir sýninguna gafst síðan tími til umræðna bæði um efni myndanna og átakið sjálft.

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna sextíu ára

Allir eru bornir frjálsir og jafnir öðrum að virðingu og réttindum. Allir eru gæddir skynsemi og samvisku, og ber að breyta bróðurlega hverjum við annan.

(1. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna).

Árið 1948, í kjölfar voðaverka heimsstyrjaldarinnar síðari, samþykkti alþjóðasamfélagið Mannréttindayfirlýsingu sem ætlað var að leggja hornsteininn að nýrri heimsskipan. Í heimi sem skipt var upp af nýlenduherrum og markaðist af kynþátt-aaðskilnaði var Mannréttindayfirlýsingin ótrúlegt þrekvirki því í henni felst fyrsta alþjóðlega viðurkenning þess að mannréttindi og frelsi sé réttur allra manna, alls staðar og með því markar hún þáttaskil í heimssögunni. Með yfirlýsingunni var lagður grundvöllur að uppbyggingu hins alþjóðlega mannréttindakerfis og hún hefur með árunum orðið leiðarljós þeirra sem vinna að eflingu og virðingu mannréttinda.

Mannréttindayfirlýsingin áréttar göfgi og gildi mannsins og byggir á því að allir hafi sömu óafsalanlegu mannréttindi; réttindi sem eru okkur nauðsynleg vegna þess að við erum manneskjur. Við krefjumst öll jafna tækifæra og mannsæmandi lífskjara, og höfum þörf fyrir fæði, klæði og húsaskjól. Við viljum geta haft áhrif á samfélagið sem við búum í og fá tækifæri til að njóta gæða þess. Í mannréttindum felst einnig vernd gegn ofbeldi í hvaða mynd sem er og þau grundvallast á virðingu fyrir einstaklingnum. Mannréttindi vinna gegn vanþekkingu og hatri og eiga að gera okkur kleift að byggja samfélag sátta og samlyndis.

Mannréttindayfirlýsingin hefur ómælda þýðingu fyrir heimsbyggðina alla en áhrifa hennar gætir í lögum og stjórnarskrám um víða veröld. Lögin nægja þó ekki ein og sér; til þess

að sækja rétt sinn og virða rétt annarra verður fólk að vita hvað felst í mannréttindum. Útbreiðsla yfirlýsingarinnar og þekking á ákvæðum hennar er þannig mikilvæg forsenda mannvæns samfélags þar sem fólk nýtur mannhelgi, jafnréttis, borgaralegra og stjórnmalalegra réttinda og óttaleysis um líf og afkomu.

Til að fagna 60 ára afmæli mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna stóðu Mannréttindakrifstofan og utanríkisráðuneyti að hátíðarfundum í Iðnó 10. desember, á alþjóðlegum degi mannréttinda.

Dagskrá fundarins hófst með því að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra ávarpaði samkomuna. Hún lagði m.a. áherslu á mikilvægi mannréttindaverndar í aðgerðum gegn hryðjuverkum, jafnrétti kynjanna, baráttu gegn kynbundnu ofbeldi og þess að standa vörð um skoðana- og tjáningarfrelsið. Hún sagði brýnt að lágamarka skaðann sem orðið hefur við hrun fjármálakerfisins og hvatti fundargesti til að kynna sér Mannréttindayfirlýsingu.

Brynhildur G. Flóvenz lektor við Háskóla Íslands og fyrrum formaður skrifstofunnar flutti erindi um Mannréttindayfirlýsingu þar sem hún sagði frá tilurð hennar og þýðingu í gegnum tíðina. Ilmur Kristjánsdóttir, leikkona skemmti gestum með óhefðbundinni og líflegri túlkun á Mannréttindayfirlýsingunni og Páll Ásgeir Davíðsson, forstöðumaður Epikos, miðstöðvar um samfélagsábyrgð fyrirtækja flutti áhugavert erindi um mannréttindi, viðskipti og efnahagskreppuna. Guðrún D. Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri Mannréttindakrifstofunnar stýrði fundi og kynnti nýja þýðingu Mannréttindayfirlýsingarinnar og myndabók um ákvæði hennar. Frumsýnd var hreyfimynd, eftir Seth Brau, þar sem ákvæði yfirlýsingarinnar á íslensku eru túlkuð í mynd við undirleik hljómsveitarinnar Hjaltalín - sem samdi lagið *Stundarkorn* við stuttmyndina. Dagskránni lauk með því að



Mannréttindakrifstofa Íslands og utanríkisráðuneytið stóðu fyrir afar velheppnuðum hátíðarfundum í tilefni af 60 ára afmæli mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna í Iðnó, á mannréttindadaginn 10. desember. Utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, flutti erindi meðal annarra.

Hljómsveitin Hjaltalín frumflutti lag sitt stundarkorn sem samið var við stuttmynd Seth Brau um Mannréttindayfirlýsinguna og lék einnig nokkur lög fyrir gesti.

Í tilefni afmælisins gáfu Mannréttindaskrifstofan og utanríkisráðuneytið út myndabók með texta yfirlýsingarinnar og nýja þýðingu hennar.



Hljómsveitin lék nokkur lög við góðar undirtektir hátíðargesta.

Um 150 manns sóttu fundinn sem var afar velheppnaður í alla staði. Gestir komu úr öllum áttum - frá ráðuneytum, háskólastofnunum, félagasamtökum og borgaralegu samfélagi - enda fundurinn hugsaður sem nokkurs konar uppskeruhátíð þeirra sem vinna að og láta sig mannréttindamál varða.

Ný þýðing og myndskreytt Mannréttindayfirlýsing

Landsþekktir sérfræðingar önnuðust endurskoðaða þýðingu yfirlýsingarinnar sem gefin var út af Mannréttindaskrifstofunni og utanríkisráðuneytinu í tilefni af afmælinu. Einnig var gefin út myndabók um ákvæði yfirlýsingarinnar sem ætluð er ungu fólki en skrifstofan fékk til liðs við sig 15 unga grafíska hönnuði sem tóku hver fyrir sig að sér að myndskreyta eina opnu í bókinni eða tvö ákvæði yfirlýsingarinnar hvert. Bókin er afar skemmtileg en einnig gagnleg þar sem ný þýðing er birt þar í heild sinni ásamt einfaldaðri útgáfu

Vitundarvakning um mannréttindi í grunnskólum

Í Mannréttindayfirlýsingunni segir að *menntun skuli beina í þá átt að þroska persónuleika einstaklinganna og innræta þeim virðingu fyrir mannréttindum og mannhelgi*. Virðing fyrir mannréttindum er talin sjálfsagður hluti af íslenskrri menningu en mannréttindavernd kemur ekki að sjálfu sér; til þess að mannréttindi komist í framkvæmd verður fólk að þekkja rétt sinn og skyldur. Í tilefni af 60 ára afmælinu sendi Mannréttindaskrifstofa Íslands því bréf til allra grunnskóla á landinu til að vekja athygli á yfirlýsingunni og hvetja til aukinnar vitundar um efni hennar og gildi. Skrifstofan hvatti

til þess að skólar landsins fögnuðu afmælinu með viðburðum tengdum Mannréttindayfirlýsingunni, s.s. með því að efna til mynda- og/eða sögukeppna um efni hennar. Skrifstofan hvatti skóla til að tryggja að mannréttindaefni sé ávallt sýnilegt og liggja frammi í skólabókasöfnum og til þess að auka mannréttindafræðslu og til þess að nýta yfirlýsinguna í auknum mæli í öllu skólastarfi. Öflug mannréttindakennsla á öllum skólastigum er forsenda virkrar mannréttindaverndar, umburðalyndis og virðingar fyrir menningarlegri fjölbreytni.

Stundarkorn - smáskífa hljómsveitarinnar Hjaltalín

Hljómsveitin Hjaltalín gaf út rafræna smáskífu „Stundarkorn“ sérstaklega fyrir Mannréttindaskrifstofuna í tilefni af 60 ára afmæli Mannréttindayfirlýsingarinnar. Lagið er lauslega byggt á stefi sem Hjaltalín samdi fyrir kvikmyndina Sögu Borgarættarinnar en einnig er ráðgert að lagið komi fyrir í enn annarri útgáfu á næstu plötu sveitarinnar. Lagið er að finna á heimasíðu hljómsveitarinnar og á heimasíðu Mannréttindaskrifstofunnar.

Mannréttindastuttmyndahátíð

Í tilefni af hinum alþjóðlega mannréttindadegi og 60 ára afmæli Mannréttindayfirlýsingarinnar hélt Mannréttindaskrifstofan stuttmyndahátíð á efri hæð lðnó í samstarfi við Félag Sameinuðu þjóðanna, Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum og franska sendiráðið. Tvær myndir voru sýndar *Dæmisaga* frá Hvíta-Rússlandi (A lesson of Belarusian) eftir Miroslaw Dembinski, frá árinu 2006 og *Kjósið mig!* (Vote for me!) eftir Weijun Chen, sem fámleidd var í Danmörku og Kína árið 2007.

Framlag til viðburða og ráðstefna

Ást, kynlíf og hjónaband

Þann 3. október var haldið málþing um kynheilsu og mannréttindi í Þjóðminjasafninu í tilefni af útkomu bókar dr. Sólveigar Önnu Bóasdóttur með ofangreindum titli. Framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu hélt erindi á málþinginu sem bar yfirskriftina „Ofbeldi og mannréttindi“. Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, kynfræðingur flutti erindið “réttindi kynverundar- hvað er langt í land?, Dr. Sigríður Guðmarsdóttir, prestur flutti erindið „Menning, kirkja og hjónaband í hinsegin ljósi“, erindi Þorvaldar Kristinssonar, bókmenntafræðings bar yfirskriftina „Samkynhneigðin og ástin“ og sr. Bjarni Karlson flutti erindið: „Samkynhneigð og kristin siðfræði“. Að erindum loknum sátu fyrirlesarar fyrir svörum. Ráðstefnan var velsótt og umræður eftir afar áhugaverðar.

Zontaklúbbur Reykjavíkur

Framkvæmdastjóri hélt fyrirlestur um mannréttindi og Kvennasamning Sameinuðu þjóðanna á fræðslufundi Zontaklúbbs Reykjavíkur í nóvember. Fundurinn var afar áhugaverður og spunnust fróðlegar umræður um mannréttindi kvenna og starf Mannréttindaskrifstofunnar.

Listahátíð Reykjavíkur

Tilraunamarþon undir stjórn Listasafns Reykjavíkur og Serpentine Gallery í London var einn hápunkta Listahátíðar Reykjavíkur árið 2008. Verkefnið byggir á tilraunastarfsemi og samanstóð af sýningu og röð nýstárlegra viðburða. Hafnarhúsinu var umbreytt í meiriháttar tilraunastofu þar sem innlendir og erlendir listamenn, arkitektar, kvikmyndagerðarmenn og vísindamenn sköpuðu vettvang uppgötvana með fjölda innsetninga, gjörninga og kvikmynda. Framkvæmdastjóri tók þátt í verki mexíkóska myndlistamannsins Pedro Reyes, *Ideas for Iraq*. Gjörningurinn var einskona málþing um vanda Íraks sem fram fór í kringum stórt kort þar sem þáttakendur reyndu að setja fram nýjar hugmyndir til að stuðla að friði og uppbyggingu í landinu. Sérfræðingar úr ýmsum áttum tóku þátt í verkinu og sköpuðust afar áhugaverðar umræður um friðasamlega lausn deilumála, mannúðarrétt og sáttaferli. Verkið hefur síðan ferðast um heiminn og vakið athygli á hræðilegum vanda Íraka.

Mannréttindafræðsla

Fræðsla í framhaldsskólum

Laust eftir áramótin 2004 skrifaði þáverandi framkvæmdastjóri bréf til skólastjóra allra framhaldsskóla landsins og skýrði þeim frá því, að MRSÍ hefði í tilefni tíu ára afmæli sínu ákveðið að gera sérstakt átak til að nálgast unga fólkið í landinu. Á árinu heimsótti framkvæmdastjóri fjölda framhaldsskóla annað hvort á opnum dögum eða fyrirlestrar voru haldnir í kennslustundum. Það hefur verið mjög ánægjulegt að sjá hversu áhugasamir margir nemendurnir eru um mannréttindi. Ætlunin er að halda verkefninu áfram og þegar hefur borist fjöldi fyrirspurna fyrir næsta starfstímabil.

Fyrirlestrar í Háskólanum í Reykjavík

Framkvæmdastjóri fjallaði um hlutverk félagsamtaka í hinu alþjóðlega mannréttindakerfi á námskeiði í lagadeild Háskólans í Reykjavík. Einnig var þess farið á leit við framkvæmdastjóra að taka þátt í námskeiði um mannréttindi og viðskipti en því miður var henni það ekki unnt vegna fundahalda erlendis.

Styrkir til rannsókna

PROGRESS-áætlun Evrópusambandsins

Mannréttindaskrifstofan heldur utan um styrkt verkefni PROGRESS-áætlunar ESB fyrir árin 2008-2009 á Íslandi. Meginmarkmið áætlunarinnar er að veita fjármagni til verkefna sem stuðla að því að markmiðum Evrópusambandsins á sviði jafnréttis-, félags- og vinnumála, sem tilgreind eru í Lissabon-áætluninni, verði náð. Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur umsjón með PROGRESS hérlandis. Markmið Lissabon-áætlunarinnar er að: auka samkeppnis hæfni evrópsks vinnumarkaðar, með áherslu á þekkingariðnað, að skapa fleiri og betri störf innan Evrópu, stuðla að samfélagi án mismunar. Áætlunin skiptist í fimm svið: Atvinnumál, vinnuvernd, stuðning við markmið um félagslega velferð og aukna þátttöku jaðarhópa í samfélagi., jafnrétti kynjanna og aðgerðir sem vinna gegn mismunun og stuðla að samfélagi án aðgreiningar. Markmið verkefnisins er að stuðla að fjölbreytileika samfélagsins í heild með sérstaka áherslu á að vinna gegn mismunun vegna aldurs, kynhneigðar, trúar, uppruna eða kynþáttar og fötlunar. PROGRESS-áætlunin styrkir m.a. rannsóknir, alþjóðleg samstafsverkefni, verkefni sem stuðla að vitundarvakningu í

samfélaginu, félagasamtök og stofnanir og fyrirmynda-
rverkefni. Verkefni PROGRESS stuðla að framkvæmd tveggja
tilskipana ESB: 2000/43/EB um jafna meðferð án tillits til kyn-
þáttar eða þjóðernisuppruna og 2000/78/EB þar sem fjallað
er um jafna meðferð launþega og starfsmanna. Styrkt verkefni
fyrir árið 2009 eru fjölbreytt, t.d kvikmyndahátið, póstkorta-
og veggspjaldaherferð, ráðstefnur og rannsóknir.

Mannréttindi og viðskipti

Á undanförunum árum hafa íslensk fyrirtæki vaxið stórum og
mörg hver hafið útrás á erlenda markaði. Með alþjóða-
væðingunni beinast sjónir manna í auknum mæli að því
hvernig félagslegri ábyrgð fyrirtækja er háttað, mann-
réttindum á vinnustað og þeim mannréttindareglum sem
æskilegt er að fyrirtæki hafi til hliðsjónar í starfsemi sinni.
Mannréttindaskrifstofan hefur um nokkurt skeið unnið að
gerð fræðslupakka sem ætlaður er íslenskum fyrirtækjum,
annars vegar með stjórnendum í huga og hins vegar almenna
starfsmenn. Í kjölfar hruns íslenska efnahagskerfisins hefur
umræða um óábyrga, og í sumum tilvikum, sviksamlega
starfshætti íslenskra fyrirtækja aukist til muna. Í þeirri upp-
byggingu sem fyrir liggur er brýnt gerð sé aukin krafa um
samfélagslega ábyrgð íslenskra fyrirtækja. Mannrétt-
indaskrifstofan vinnur því að gerð kynningarbæklings um
samfélagsábyrgð. Bæklinginn unnu Guðrún D. Guðmunds-
dóttir, Hlynur Ársælsson og Sólveig Stefánsdóttir. Hann fjallar
um hugmyndafræði samfélagsábyrgðar, akk fyrirtækja af því
að tileinka sér ábyrga starfshætti, tengsl mannréttinda og
viðskipta og fleira.

Ísland og alþjóðlegir mannréttindasáttmálar

Nýsköpunarsjóður námsmanna styrkti lögfræðinema við
Háskóla Íslands til að gera rannsókn hjá MRSÍ sem fælist í að
gera úttekt á því hvernig íslensk stjórnvöld framfylgja til-
mælum alþjóðlegra eftirlitsstofnana á vegum mannréttinda.
Rannsóknin stendur enn yfir en ætlunin er að gefa hana út
sem hluta af ritröð skrifstofunnar árið 2009.

Hælisleitendur og flóttamenn á Íslandi

Mannréttindaskrifstofan og Rauði krossinn standa saman að
rannsókn á aðstæðum hælisleitenda og flóttamanna á Íslandi.
Markmið rannsóknarinnar er að skoða lagalegar og félagslegar
aðstæður á Íslandi og bera saman við Evrópu, einkum hin
Norðurlöndin. Nýsköpunarsjóður námsmanna veitti styrk til
verkefnisins og unnu starfsmenn að gerð skýrslu um efnið.
Haldið verður áfram með rannsóknina á árinu 2009.

Réttarstaða aldraðra

Mannréttindaskrifstofan hlaut styrki frá ýmsum aðilum til að
vinna rannsóknarverkefni um mannréttindi aldraðra á Íslandi.
Nokkuð hefur borið á umræðu um bág kjör eldri borgara á
Íslandi undanfarin ár og takmarkaða möguleika þeirra til að
vera virkir þátttakendur og njóta gæða samfélagsins til jafns
við yngra fólk. Markmið verkefnisins er að vekja almenning til
umhugsunar um réttindi aldraðra og manngildi og draga úr
fordómum yngra fólks gagnvart þeim eldri. Bókin *Réttar-
staða aldraðra* sem gefin verður út sem hluti verkefnisins mun
jafnframt nýtast til kennslu á háskólastigi, fyrir fagfólk og til
upplýsingar fyrir aldraðra og aðstandendur um réttindi og
hvernig hægt er að leita þeirra. Ætlunin var að bók um
réttarstöðu aldraðra kæmi út á árinu en vegna breytinga á
lagaumhverfi hefur reynst nauðsynlegt að endurskrifa kafla í
bókinni og því hefur útgáfa dregist.

Réttarstaða transgender fólks á Íslandi

Sandra Lyngdorf vann að rannsókn á réttarstöðu transgender
fólks á Íslandi. Rannsókninni er ætlað að greina hvaða
örðugleika transgender fólk glímur við á Íslandi og koma með
tillögur að umbótum, einkum hvað varðar löggjöf. Niðurstöður
rannsóknirnar verða birtar í ritröð Mannréttindaskrifstofu á
næsta starfstímabili.

Útgefið efni

Þjóðbundnar mannréttindastofnanir

Laganemi við Háskólann á Akureyri var í starfsþjálfun hjá
MRSÍ á sumarmánuðum 2007 og vann við gerð skýrslu um
þjóðbundnar mannréttindastofnanir og hlutverk Mannrétt-
indaskrifstofu Íslands. Fleiri hafa nú unnið að skýrslunni en
hún kom út sem hluti af ritröð MRSÍ á haustmánuðum 2008.

Handbók um um mismunun fyrir félagasamtök og launþegahreyfinguna

Mannréttindaskrifstofan heldur utan Evrópusambands-verk-
efnið *Non-discrimination and diversity training* hér á landi, í
samvinnu við Migration Policy Group og European Human
Consultancy. Mannréttindaskrifstofan skipulagði námsstefnu
fyrir launþegahreyfinguna og félagasamtök til að auka
þekkingu þeirra á tilmælum Evrópusambandsins á sviði fjöl-
menningar og jafnréttis og íslenskri löggjöf gegn mismunun.
Í tengslum við námsstefnuna var gefin út handbók með
náms efni á íslensku um mismunun, mögulegar úrlausnir, hlut-
verk félagasamtaka og launþegahreyfingar í baráttu gegn

mismunun og íslenskt lagaumhverfi, meðal annars. Ætlunin er að námsefnið geti síðan nýst á námskeiðum fyrir atvinnulífið, jafnréttisfulltrúa sveitarfélaga, o.fl. og á námsstefnum sem haldnar verði með reglulegu millibili.

Handbók um réttarstöðu flóttamanna

Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rauði Kross Íslands og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna gáfu út *Handbók um réttarstöðu flóttamanna: málsmeðferð og skilyrði samkvæmt flóttamannasamningnum frá 1951 og bókun frá 1967 um réttarstöðu flóttamanna*. Í handbók þessari er hugtakið „flóttamaður“ skilgreint auk þess sem réttarstaða flóttamanna er skýrð. Handbókin er grundvallarrit um hvernig túlka skuli Flóttamannasamning Sameinuðu þjóðanna og er ætlað að leiðbeina stjórnvöldum og fagaðilum um málsmeðferð og skilyrði fyrir ákvörðunum um réttarstöðu flóttamanna. Vonast er til að hún veki áhuga og gagnist öllum þeim sem láta sig vanda flóttamanna varða, s.s. embættismönnum, fræðimönnum, lögfræðingum og öðrum sem koma að málafnum flóttamanna og hælisleitenda. Hægt er að nálgast bókina hjá Mannréttindaskrifstofunni.

Human Rights Reference Handbook

Eitt markmiða Mannréttindaskrifstofunnar er að stuðla að útgáfu og dreifingu kennsluefnis um mannréttindi. Þýðingarsjóður og dómsmálaráðuneyti veittu MRSÍ styrk til að þýða og staðfæra hluta bókarinnar *Human Rights Reference Handbook* sem gefin var út af ríkisstjórn Hollands og Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna. Bókin hefur verið notuð til kennslu í háskólanum og er hentug fyrir fagaðila, framhaldsskóla, félagasamtök og háskólastofnanir. Þýðing og staðfæring stendur nú yfir. Einnig hefur UNESCO ákveðið að veita veglegan styrk til endurútgáfu og þróunar HREP-verkefnisins. Alþjóðlega viðurkenndir sérfræðingar vinna að verkefninu

ásamt meistaraneimum við Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna og starfsfólki Mannréttindaskrifstofunnar. Ætlunin er að handbókin komi út í mars 2009.

Human Rights Instruments

Safn alþjóðasamninga um mannréttindi er einn hluti *Human Rights Education Project*, sem Mannréttindaskrifstofan stendur að ásamt Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna. Einn starfsmaður vinnur að gerð bókarinnar ásamt Theo van Banning, starfsmanni hollensku utanríkisþjónustunnar og Guðrúnu D. Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra. Ætlunin er að endurbætt útgáfa bókarinnar komi út í mars 2009.

Vefleikurinn Against all Odds - Flótti

Rannsóknir sýna að vaxandi fordóma gæti hjá ungu fólki gagnvart flóttamönnum og hælisleitendum, og útlendingum almennt, og því er brýnt að ungmenni fái fræðslu um hvað felist í því að fá stöðu flóttamanns, aðra menningarheima og þær aðstæður sem fólk er helst að flýja í heimalandinu.

Mannréttindaskrifstofan og Rauði kross Íslands, í samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, réðust í það verkefni árið 2007 að þýða vefleikurinn Against All Odds og eru að reyna að fá til þess fjármagn. Leikurinn var upprunalega þróaður á sænsku með stuðningi fyrirtækisins Statoil en hefur nú verið þýddur á fjölda tungumála. Leikurinn hefur hvarvetna vakið mikla athygli en t.d. spiluðu meira en 45.000 manns hann fyrstu tvær vikurnar eftir að þýskri útgáfu hans var hleypt af stokkunum. Leikurinn, sem fengið hefur nafnið Flótti á íslensku, er ætlaður ungmönnum á aldrinum 13–16 ára og veitir þeim sýn inn í veruleika flóttamanna og þá lífsbaráttu sem þeir þurfa að heyja í heimalandi sínu, á flótta og við að aðlagast nýju samfélagi. Leikurinn er því ekki einungis gagnlegur til fræðslu um flóttamenn heldur einnig í almennri mannréttinda- og fjölmeningarkennslu.



Mannréttindaskrifstofan gaf út áttunda ritið í ritröð Mannréttindaskrifstofunnar og Handbók um réttarstöðu flóttamanna ásamt RKÍ og Flóttamannastofnun Sp.

Mannréttindaskrifstofan vinnur nú að endurútgáfu efnis úr *Human Rights Education Project* ásamt sérfræðingum og nemum við Friðarháskóla Sp.

Mannréttindaskrifstofan vinnur einnig að íslenskun vefleiksins *Against all Odds*, sem fengið hefur nafnið *Flótti á íslensku*.



Flóttta er skipt í þrjú hluta. Í fyrsta hluta setur leikmaðurinn sig í spor flóttamannsins með því að spila gagnvirkan tölvuleik. Í öðrum hluta er hægt að skoða fróðleg viðtöl og greinar um mannréttindi og málefni tengd flóttamönnum. Þriðji hlutinn er kennarahandbók þar sem má nálgast verkefni tengd leiknum. Í lok leiksins getur leikmaðurinn síðan prófað vitneskju sína með því að taka stutt þekkingarpróf.

Starfsmenn Mannréttindaskrifstofunnar hafa unnið hörðum höndum við að þýða leikinn og ætlunin er að honum verði hleypt af stokkunum á vormánuðum 2009. Rauði krossinn og Mannréttindaskrifstofan hafa átt samráð við nokkra forsvarsmenn grunnskóla í Reykjavík sem lýst hafa miklum áhuga á að fá leikinn til kennslu. Gaman er einnig að geta þess að félagsmálaráðuneytið, Barnavinafélagið Sumargjöf, Menningarsjóður Glitnis og Mannréttindanefnd Reykjavíkurborgar hafa styrkt verkefnið veglega.

Ragnarsbók

Ragnar Aðalsteinsson hefur um áratuga skeið verið atorkusamur lögmaður og unnið ómetanlegt starf á sviði mannréttinda og stjórnskipunar íslensku samfélagi til hagsbóta. Ragnar var einn af stofnendum Mannréttindaskrifstofunnar og formaður stjórnar hennar um langt skeið. Í tilefni sjötugsafmælis hans ákváðu Mannréttindaskrifstofa Íslands og Félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri að beita sér fyrir útgáfu fæðirits á sviði mannréttinda og stjórnskipunar honum til heiðurs. Í Ragnarsbók verður að finna ritgerðir um þjóðarétt, mannréttindi og réttarríkið eftir valinkunna innlenda og erlenda fræðimenn. Hluti greinanna byggir á erindum sem flutt voru á Ragnarsstefnu sem Félagsvísinda-

og lagadeild Háskólans á Akureyri stóð fyrir í tilefni afmælis Ragnars árið 2006. Ætlunin er að ritið komni út árið 2009.

Samráðsfundir með stjórnvöldum

Mannréttindaskrifstofa átti fjölda funda með stjórnvöldum og ýmsum þingnefndum um mannréttindamál.

Menntamálaráðuneyti

Framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofunnar tók þátt í starfshóp um mannréttindafræðslu í grunn- og framhaldsskólum á vegum ráðuneytisins. Hópurinn hafði það hlutverk að fjalla um og koma fram með tillögur um hvernig fella megi markmið um mannréttindi og borgaravítund að aðalnámskrám. Til hliðsjónar var m.a. höfð aðgerðaráætlun Sameinuðu þjóðanna um mannréttindafræðslu Plan of Action og Compasito, Manual on Human Rights Education for Children frá Evrópuráðinu. Stafshópurinn skilaði skýrslu þar sem leitast var við að skilgreina meginþætti inntaks mannréttindafræðslu með hliðsjón af aðalnámskrám og aðgerðaráætlun Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi og tengja hann aðalnámskrám og skólastarfi á heildrænan hátt. Markmiðið var að auðvelda skólum að styrkja þennan þátt í menntun barna og ungmenna og benda á leiðir til að innleiða markmiðin í kennslu. Það er einnig von starfshópsins að kennaramenntunarstofnanir geri mannréttindi sýnilegri í námskeiðslýsingum og inntaki kennaramenntunar í ljósi vægis þeirra í hinni alþjóðlegu umræðu og þeirra skuldbindinga sem Ísland hefur undirgengist. Með lengingu kennaranáms á Íslandi ætti að skapast tækifæri til að efla þennan þátt í kennaramenntun. Brýnt er að benda á að víða er mikið og gott starf unnið í skólum á sviðum mannréttinda-

fræðslu og er mikilvægt að halda því starfi á lofti og hvetja til samvinnu skóla í milli. Menntakerfið gegnir mikilvægu hlutverki í að vekja nemendur til umhugsunar, uppfræða og hvetja þá til lýðræðislegrar þátttöku en virk mannréttindavernd byggir á því að fólk þekki rétt sinn og virði réttindi annarra.

Utanríkisráðuneyti

Það er gleðiefni að samráðsfundir utanríkisráðuneytis og frjálsra félagsamtaka um mannréttindamál í tengslum við upphaf allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna og fundi mannréttindaráðsins í Genf hafa verið endurvaktir. Fundir af þessu tagi eru afar gagnlegir og fróðlegir en þar hafa verið kynnt þau mál, sem stjórnvöld hyggjast beita sér fyrir á umræðu á allsherjarþinginu. Framkvæmdastjóri sat fundinn sem var afar fróðlegur í alla staði.

Mannréttindaskrifstofan átti afar gott samstarf við ráðuneytið á ýmsum öðrum sviðum, einkum þó í tengslum við hátíðarfund og útgáfu vegna 60 ára afmælis Mannréttindayfirlýsingarinnar. Sjá hér að framan.

Félagsmálaráðuneyti

Mannréttindaskrifstofan átti í ýmsu samstarfi við félagsmálaráðuneyti einkum í tengslum við umfangsmikla umsókn í sjóð PROGRESS-áætlunar ESB, varðandi samning um réttindi fólks með fötlun, ný jafnréttislög og tilskipanir ESB um bann við mismunun. Þakkar skrifstofan sérstaklega Lindu Rós Alfreðsdóttur, tenglið PROGRESS-áætlunarinnar, fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf.

Dómsmálaráðuneyti

Skrifstofan átti samráð við ráðuneytið vegna mansalsmála og kynbundins ofbeldis. Skrifstofan tók m.a. þátt í bakhóp um

aðgerðir gegn mansali sem stofnaður var á vettvangi ráðuneytisins.

Móttökustöð hælisleitenda

Mannréttindaskrifstofan hefur um hríð haft nokkrar áhyggjur af stöðu hælisleitenda hér á landi og meðferð hælisumsókna. Framkvæmdastjóri og prestur innflytjenda stóðu að stofnun heimsóknahóps sem ætlað er að fylgjast með aðstæðum hælisleitenda (aðallega þeirra er dveljast á Reykjanesi) og vera þeim til aðstoðar á ýmsan hátt. Erfitt hefur reynt að halda úti reglulegri starfsemi hópsins vegna skorts á sjálfbærliðum og því var ákveðið að hópurinn færðist undir heimsóknavinakerfi Rauða krossins sem ætti auðveldara með að halda utan um hópinn.

Auglýsingaherferð gegn mismunun

Mannréttindaskrifstofan hlaut styrk til að standa að auglýsingaherferð gegn mismunun sem skipulögð var í tengslum við Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti. Birt voru auglýsingaplaköt í strætisvagnaskýlum, búin voru til barmmerki og prentaðir bolir með kennimerki Evrópuáttaks gegn kynþáttamisrétti sem hannað var af Evrópusamtökunum UNITED. Markmiðið var að vekja fólk til umhugsunar um staðalímyndir og það hvort það mismuni fólki vegna aldurs, fötlunar, uppruna, kynþáttar, kynhneigðar, trúarbragða eða lífsskoðunar.



Mannréttindaskrifstofan hefur um nokkurt skeið unnið að rannsókn á réttarstöðu aldraðra.

Fjölmiðlar og opinber umræða

Mannréttindaskrifstofan hefur lagt sig í líma við að vekja athygli á mannréttindamálum með fréttatilkynningum og greinaskrifum í fjölmiðlum og hefur það gefist vel. Skrifaðar hafa verið greinar um kynbundið ofbeldi, jafnréttismál, mál-

efni hælisleitenda, kynþáttafordóma o.fl. Af sérstökum áskorunum og tilkynningum má nefna bréf Mannréttindaskrifstofu Íslands hér að neðan um fullgildingu viðauka við samning Sameinuðu þjóðanna um bann við pyndingum:

Mannréttindaskrifstofan skorar á stjórnvöld að stuðla að fullgildingu viðauka við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu og að setja á fót sjálfstæða eftirlitsstofnun til að girða fyrir illa meðferð á stofnunum á vegum hins opinbera.

Nú eru fimm ár liðin frá því Ísland undirritaði viðauka við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Viðaukinn, sem kveður m.a. á um sjálfstætt eftirlit aðildarríkja með stofnunum innanlands, var undirritaður 24. september 2003. Hann hefur enn ekki verið fullgiltur. Mannréttindaskrifstofa Íslands skorar á íslensk stjórnvöld að fullgilda viðaukann hið fyrsta og setja á fót sjálfstæða stofnun til þess að annast eftirlit með fangelsum og meðferðar- og dvalarstofnunum sem reknar eru af hinu opinbera.

Með sjálfstæðu eftirliti aðildarríkja er átt við að ríki setji á fót stofnun sem sér um eftirlit með stöðum þar sem einstaklingar dveljast á vegum hins opinbera. Reynslan hefur sýnt að reglubundnar heimsóknir til slíkra stofnana eru mikilvægar til þess að koma í veg fyrir pyndingar og ómannúðlega meðferð. Nefnd sem starfar á grundvelli Evrópusamnings um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu hefur gefið góða raun en hún hefur heimild til að heimsækja alla varðhaldsstaði aðildarríkja Evrópuráðsins.

Með viðaukanum við samning Sameinuðu þjóðanna hefur aukin áhersla verið lögð á að efla eftirlitsstofnanir innan ríkja sjálfra í samvinnu við alþjóðlegar stofnanir. Fyrirbyggjandi heimsóknir á varðhaldsstaði eiga því bæði að vera á höndum undirstofnunar Sameinuðu þjóðanna og stofnunar á vegum aðildarríkja. Á Íslandi hefur umboðsmaður Alþingis gegnt slíku eftirlitshlutverki en hann skortir fjármagn svo hann geti sinnt því sem skyldi. Engin stofnun á Íslandi hefur því burði til að hafa viðunandi eftirlit með varðhaldsstöðum og dvalar- og meðferðarheimilum en brýnt er að bæta úr þessu.

Við stofnsetningu eftirlitsstofnunar eru nokkrir þættir sem hafa ber í huga en viðaukinn setur ákveðin skilyrði sem eftirlitsstofnanir þurfa að uppfylla svo árangur þeirra sé tryggður. Þannig er mikilvægt að slík stofnun sé algerlega sjálfstæð og óháð öllu utanaðkomandi valdi. Hún skal vera óháð yfirstjórn þeirrar stofnunar sem hún heimsækir í hvert skipti sem og ríkisstjórn viðkomandi ríkis. Auk þess skal hún ekki vera á vegum tiltekins ráðuneytis né annarrar ríkisstofnunar.

Auk skilyrðisins um sjálfstæði er mikilvægt að fyrirbyggjandi heimsóknir eigi sér stað reglulega og mælir nefndin á vegum Evrópusamningsins um varnir gegn pyndingum með vikulegum heimsóknum eða a.m.k. einu sinni í mánuði. Þó heimsóknir skuli fara fram með reglulegu millibili þá er engu að síður mikilvægt að þær séu tilviljunarkenndar; þ.e. að heimsóknartímar séu ekki fyrirfram ákveðnar. Enn fremur skulu heimsóknir vera óvæntar, þ.e. ekki skal tilkynna stofnun um væntanlega heimsókn. Jafnframt þarf stofnunin að hafa heimild til að heimsækja hvaða varðhaldsstað eða stofnun sem er, hvenær sem er.

Mikilvægt er að eftirlitsstofnanirnar hafi skýrt skilgreint umboð. Þær skulu hafa fulla heimild til að skoða alla stofnunina sem um ræðir hverju sinni og til að ræða við fólk í einrúmi. Auk þess skulu þær hafa úrræði til að móttaka, og bregðast við, kvörtunum sem og að gefa stofnunum ráðleggingar um úrbætur. Mikilvægt er að starfsfólk eftirlitsstofnunarinnar einskorði ekki eftirlit sitt við lagaleg skjöl og önnur skjöl frá viðkomandi stofnun heldur er mikilvægt að haft sé beint samband við fanga/íbúa í hverri heimsókn. Starfsfólk eftirlitsstofnunarinnar skal ekki einungis ræða við þá einstaklinga sem hafa beðið um viðtal heldur skal það einnig hafa frumkvæði að því að tala við aðra. Eftirlitsstofnunin skal hafa aðgang að öllum sem dvelja á stofnuninni. Enn fremur er mikilvægt að starfsfólk eftirlitsstofnunarinnar sé sýnilegt bæði yfirmönnum og starfsfólki fangelsisins/heimilisins sem og íbúum. Brýnt er að starfsfólk eftirlitsstofnunarinnar sé hlutlaust og óháð þeirri stofnun sem heimsótt er hverju sinni.


Að lokum er brýnt að eftirlitsstofnunin útbúi skýrslur eftir hverja heimsókn sem innihalda niðurstöður hennar og tillögur til úrbóta. Mikilvægt er að starfsfólk eftirlitsstofnunar sjái til þess að stjórnvöld og yfirvöld viðkomandi stofnunar hafi aðgang að þessum skýrslum.

Nefnd gegn pyndingum á vegum Sameinuðu þjóðanna hefur hvatt íslensk stjórnvöld til að fullgilda viðaukann um eftirlit og til þess að setja sjálfstæða eftirlitsstofnun á fót. Auk þess hefur hún lagt til að umsvif umboðsmanns Alþingis verði aukin með tilheyrandi mannaúði og fjármagni þannig að embættið geti betur haft eftirlit með varðhaldsstöðum og dvalar- og meðferðarstofnunum.


Skrifstofan hefur á undanförunum árum skapað sér virðingu og traust fjölmiðla því nær undantekningalaust er leitað til hennar þegar mannréttindamál eru til umfjöllunar.

Skrifstofan lét Fjölmiðlavaktina gera úttekt á fjölmiðla-umfjöllun um skrifstofuna á árinu og má þar vel við una. Prentmiðlar sem hafðir eru til hliðsjónar eru: Morgunblaðið, Fréttablaðið, Viðskiptablaðið, 24 stundir, DV og viss landsmálablöð og tímarit. Ljósvakamiðlar sem hafðir eru til hliðsjónar eru: Fréttastofa Útvarps, Fréttastofa Sjónvarps, Fréttastofa Stöðvar 2 og Bylgjan.


Skipting eftir mánuðum:




Skipting eftir prentmiðlum:




Þróun tíðni umfjöllunar í ljósvakamiðlum milli mánaða



Hlutfall greina, skipting eftir ljósvakamiðlum:



Þróun tíðni á milli mánaða:



ERLENT

samstarf

Mannréttindaskrifstofan hefur á tímabilinu eftl þátttöku sína í alþjóðlegu mannréttindastarfi, einkum samtökum mannréttindastofnana á Norðurlöndum, AHRI og samtökum er berjast fyrir tilteknum málefnum; skrifstofan er meðlimur í bandalagi félagasamtaka er berjast fyrir viðauka við alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi þar sem komið verði á kæruleið fyrir einstaklinga, skrifstofan er meðlimur í UNITED samtökum er berjast gegn kynþáttamisrétti og skrifstofan er meðlimur í ESC-net sem vinnur að framgagnri efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda. Þá er skrifstofan einnig meðlimur í FIDH, alþjóðlegum samtökum er vinna að mannréttindum á breiðum grunni. Skrifstofan er fulltrúi Íslands í stýrihópi norræns átaks sem ætlað er að bæta stöðu hælisleitenda á Norðurlöndum.

Peaceboat

Peace Boat eru frjáls félagasamtök, að stofni til frá Japan sem hafa það markmið að efla frið, mannréttindi, jafnrétti, sjálfbæra þróun og virðingu fyrir umhverfinu á heimsvísu.

Markmið Peace Boat er að auka vitund og frumkvæði almennings til að stuðla að jákvæðum félagslegum og

pólitískum breytingum í heiminum. Peace Boat stendur fyrir alþjóðlegum námskeiðum og samvinnu- og stuðningsverkefnum.

Peace Boat fylgir meginverkefnum sínum eftir í stóru farþegaskipi sem siglir um allan heiminn. Skipið er hlutlaust, hreyfanlegt rými sem gerir fólki kleift að skiptast á skoðunum milli landamæra, á hafi úti og í höfnum sem það heimsækir. Á hverju ári eru skipulagðar þrjár heimsreisur og ein stutt ferð til Asíu. Í þriggja mánaða heimsreisunum eru um 800 þátttakendur sem heimsækja um 15-20 lönd. Peace Boat hélt upp á 25 ára afmæli sitt árið 2008 með því að heimsækja Ísland og Grænland í fyrsta skipti. Peace Boat kom til Íslands 3. júlí, 2008.

Fræðsla um umhverfis- og friðarmál fór fram á Íslandi. Þátttakendur heimsóttu jarðvarmaorkuver og Bláa Lónið til að læra um umhverfisvernd á Íslandi, aðrir skiptust á hugmyndum við íslensk ungmenni um hvernig heimi þau vilja búa í. Mannréttindaskrifstofa Íslands skipulagði dagskrá fyrir þátttakendur um jafnrétti kynjanna á Íslandi. Fulltrúar skrifstofunnar fóru með gestina í Kvennaathvarfið, í skoðunarleiðangur á Alþingi og fjallað var um konur og stjórnmál. Gísli Hrafn Atlason frá Femínistafélaginu fjallaði



Peace Boat, bátur frjálsra félagasamtaka sem vinna að friði og jafnrétti í heiminum, lagðist við festar í Reykjavík 15-17.maí.

um málefni líðandi stundar. Ingólfur V. Gíslason, frá HÍ fræddi gestina um feðraorlof og spunnust um það skemmtilegar umræður. Þrátt fyrir slæmt veður var síðan haldið í skoðanaleiðangur um merka staði í sögu kvenna-hreyfingarinnar á Íslandi. Gestirnir voru afar þakklátir fyrir fróðlega dagskrá og er ætlunin að taka einnig á móti hóp frá Peace Boat 2009.

NGO Coalition for an Optional Protocol to ICESCR

Mannréttindaskrifstofan tók þátt í starfi samtaka sem vinna að því að viðauki við alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi verði samþykktur. Viðaukinn snýr helst að því að koma á kæruleið fyrir þá sem telja efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi á sér brotin.

Human Rights Education Project

Mannréttindaskrifstofan leiðir nú vinnu í alþjóðlegu fræðsluverkefni, *Human Rights Education Project* (HREP) í samstarfi við Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna. Verkefnið er m.a. styrkt af UNESCO og hollenskum stjórnvöldum. Verkefnið samanstendur af þremur bókum og margmiðlunardiski. Fyrsti hluti verkefnisins er *Human Rights Reference Handbook*, yfirlitsverk um mannréttindahugtök, dóma og hin alþjóðlegu kerfi sem stuðla að vernd mannréttinda. Annar hluti verkefnisins er *Human Rights Instruments*, samantekt samninga, alþjóðlegra yfirlýsinga og ýmissa skjala sem við koma mannréttindum. Þriðji hluti verkefnisins *Universal and Regional Human Rights Protection; Cases and Commentaries*, inniheldur dómaútdrætti og umfjöllun um ákvarðanir Mannréttindanefndar Sp, Mannréttindadómstóls Evrópu, Ameríkadómstólsins og Afrísku Mannréttindanefndarinnar. Margmiðlunardiskurinn *Human Rights Ideas, Concepts and Fora*, inniheldur bækurnar þrjár auk samninga, dóma og itarefnis.

Heimasíða HREP

Mannréttindaskrifstofan heldur úti vefsetri um mannréttindi á ensku sem byggir á efni úr *Human Rights Education Project*. Í vefsetrinu er að finna fjölbreytt efni um ýmis mannréttindamál: alþjóðlegar mannréttindastofnanir, dóma og úrskurði alþjóðlegra eftirlitsstofnana, efni um réttindi tiltekinnna hópa, efni um tengsl mannréttinda og annarra mála-flokka, o.fl.

AHRI - The Association of Human Rights Institutes

Framkvæmdarstjóri sótti ársfund og ráðstefnu samtakanna í september sem fram fór í Belgrad, Serbíu. Ráðstefnan bar yfirskriftina *Restoring peace and human rights in the former Yugoslavia - enforcement, justice, development and prevention*. Þá á Mannréttindaskrifstofan aðild að COST verkefni samtakanna hjá Evrópusambandinu - A28 - en fulltrúar skrifstofunnar eru Þórdís Ingadóttir og Guðrún D. Guðmundsdóttir. Verkefnið er fjórþætt; að rannsaka: 1) gæslu og eflingu friðar (peacekeeping and peace enforcement), 2) alþjóðlega sakamáladómstóla (international criminal tribunals), 3) þróunarsamvinnu og 4) starfsemi mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna (High Commissioner for Human Rights (UNHCHR) og minnihlutafulltrúa Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (High Commissioner for National Minorities (HCNM)).

Aðsetur AHRI er nú hjá Norsku mannréttindastofnuninni í Osló. Formaður er Mads Andenæs, forstöðumaður stofnunarinnar og Guro Frostestad er framkvæmdastjóri. Eftirfarandi stofnanir eiga nú aðild að AHRI: Belgrade Centre for Human Rights, Serbíu og Svartfjallalandi; Centre for Human Rights, Central European University, Búdapest, Ungverjalandi; Centre for the Study of Human Rights, London School of Economics and Political Science, Bretlandi; Centre for the Study of Global Ethics, University of Birmingham, Bretlandi; Chr. Michelsen Institute, Noregi; Danska mannréttindaskrifstofan; Erik Castrén Institute of International Law and Human Rights, University of Helsinki, Finnlandi; European Training- and Research Centre for Human Rights and Democracy, Graz, Austurríki; Þýska mannréttindastofnunin; Human Rights Centre, University of Essex, Bretlandi; Human Rights Centre, Queen's University, Belfast, Norður Írlandi; Human Rights Law Centre, University of Nottingham School of Law, Bretlandi; Mannréttindaskrifstofa Íslands; Institute for Human Rights, Åbo Akademi University, Finnlandi; Institute of Human Rights, Catholic University of Leuven, Belgíu; Institute of Human Rights, University of Latvia; Lettlandi; Institute for Minority Rights, European Academy (EURAC), Bozen, Ítalíu; Irish Centre for Human Rights, National University of Ireland, Írlandi; Ludwig Boltzmann Institute of Human Rights, Austurríki; Maastricht Centre for Human Rights, Maastricht University, Faculty of Law, Hollandi; Netherlands Institute of Human Rights (SIM), University of Utrecht; Hollandi; Norwegian Centre for Human Rights, University of Oslo,

Noregi; Poznan Centre for Human Rights, Polish Academy of Sciences, Póllandi; Raoul Wallenberg Institute of Human Rights and Humanitarian Law, Lund, Svíþjóð; og Transitional Justice Institute, University of Ulster, Jordanstown/Magee, Bretlandi.

Sameinuðu þjóðirnar

Nefnd gegn pyndingum

Hinn 8. maí kom sendinefnd Íslands fyrir nefnd Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum til að fjalla um þriðju skýrslu Íslands um framkvæmd samnings gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Mannréttindaskrifstofa Íslands skilaði viðbótarskýrslu til nefndarinnar og átti einnig fund með sérfræðingum hennar. Skrifstofan fjallaði um ýmis ákvæði samningsins en lagði sérstaka áherslu á nauðsyn þess að stjórnvöld leiði skilgreiningu á pyndingum í almenn hegningarlög ásamt því að kveðið verði sérstaklega á um refsinaemi pyndinga sem alvarlegs glæps. Athygli var vakin á jákvæðri þróun útlendingalöggjafar en einnig á helstu annmörkum hennar, sérstaklega vakti Mannréttindaskrifstofan athygli á nauðsyn þess að endurskoða og fella niður ákvæði það sem kveður á um undanþágu frá banni við endursendingu fólks sem ógn að getur öryggi ríkisins til landa þar sem það á alvarleg mannréttindabrot á hættu. Ákvæðið brýtur gegn Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið á Íslandi en yfirdeild Mannréttindadómstóls Evrópu áréttaði nýlega, í máli Saadi gegn Ítalíu, að ekki sé undir neinum kringumstæðum unnt að réttlæta, þ.m.t. með vísan til hryðjuverka-ógnar og öryggis ríkisins, að fólk sé endursent til landa þar sem það á á hættu að sæta grófum mannréttindabrotum.

Bann við pyndingum er ófrávikjanlegt í sáttmálanum sem hefur í för með sér algert bann við endursendingu fólks til landa þar sem það á pyndingar eða aðra ómannlega meðferð á hættu. Dómstóllinn áréttaði að hegðun viðkomandi, hversu óæskileg eða hættuleg sem hún kann að teljast, skiptir hér ekki máli. Mannréttindaskrifstofan lýsti einnig áhyggjum sínum af því að aðeins tveir einstaklingar hafa fengið stöðu flóttamanns á Íslandi síðan árið 1984 og því að löggjöf um veitingu dvalarleyfa af mannúðarástæðum er óskýr.

Skrifstofan lagði sérstaka áherslu á nauðsyn þess að komið sé á fót sjálfstæðum eftirlitsaðila til að fylgjast með aðbúnaði fanga og annarra sem eru frelsissviptir og að Ísland fullgilti hið fyrsta viðauka við samninginn gegn pyndingum sem kveður á um sérstakt eftirlit. Skrifstofan vakti athygli á takamarkaðri löggjöf um nauðung. Þá hvatti skrifstofan til að kveðið yrði á um þjálfun í mannréttindum og mannúðarrétti fyrir alla friðargæsluliða, að kveðið yrði sérstaklega á um bann við pyndingum í starfsreglum lögreglu og vakti athygli á tilmælum Evrópunefndar gegn kynþáttafordómum og skorti á umburðarlyndi sem hvatti íslensk stjórnvöld til að auka fræðslu landamæravarða um flóttamannarétt. Þá vakti skrifstofan athygli á því að í íslenskri löggjöf er ekki að finna ákvæði sem tryggja fórnarlömbum mansals fórnarlamba- og vitnavernd og því að styrkja mætti aðgerðir gegn ofbeldi á heimilum og kynferðisofbeldi gegn konum.

Við fyrirtöku íslensku skýrslunnar óskaði sérfræðinganeftindin frekari upplýsinga um fjölda atriða er fram komu í henni og í skýrslu Mannréttindaskrifstofunnar. Nefndin lýsti ánægju sinni með ýmsar lagabreytingar s.s. breytingar á lögum um fullnustu refsinga, ákvæði gegn mansali í almennum hegningarlögum ofl. Sérfræðingarnir ítrekuðu fyrir tilmæli sín um að Íslandi lögfesti skilgreiningu á pyndingum og geri það sérstaklega refsivert að pynda. Nefndin lagði



Frá fyrirtöku þriðju skýrslu Íslands um framkvæmd samnings gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu í Genf, 2008.

sérstaka áherslu á nauðsyn þess að komið sé á reglubundnu eftirliti með starfsemi stofnana þar sem fólk er frelsissvipt og að Ísland fullgildi viðauka við samninginn sem kveður á um það. Í því samhengi hvatti nefndin stjórnvöld til að setti yrði á fót sjálfstæð mannréttindastofnun í samræmi við Parísarræglur Sameinuðu þjóðanna sem byggði á núverandi mannréttindastarfi og samstarfi við borgaralegt samfélag. Þá ítrekaði nefndin að bann við endursendingum þangað sem fólk á pyndingar á hættu er ófrjávíkjanlegt og undantekningar frá því með tilvísan til þjóðaröryggis samræmast ekki samningi gegn pyndingum. Í tengslum við umræðu um mögulega notkun lögreglu á s.k. taser-, eða rafbyssum ítrekaði nefndin að hún telur beitingu slíkra vopna óæskilega. Þá bentu nefndarmenn á að það að banna sérstaklega notkun vitnisburða sem fengnir eru pyndingum fyrir dómi sé æskilegt og geti haft fyrirbyggjandi áhrif. Meðal annars sem nefndin óskaði upplýsinga um voru aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi og viðurlög, s.s. stuttir dómur í kynferðisbrotamállum. Fjallað var um meðferð hælisumsókna, mannúðarleyfi, fáa flóttamenn á Íslandi og áfrýjun úrskurða til æðra yfirvalds, þjálfun í mannréttindum og mannúðarrétti fyrir friðargæsluþátt, skilgreiningu á hryðjuverkum í íslenski löggjöf, fangaflug, einangrun, ungmenni, ofbeldi fanga, og aðbúnað í íslenskum fangelsum og margt fleira. Nefndin þakkaði stjórnvöldum sérstaklega góða skýrslu og skilmerkileg svör og lýsti ánægju sinni með almennt ríka mannréttindavernd á Íslandi.

Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna

Þann 8. júlí kom sendinefnd Íslands fyrir nefnd Sameinuðu þjóðanna sem fylgist með framfylgd alþjóðasamnings um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Til umfjöllunar voru 5. og 6. skýrsla Íslands um framkvæmd samningsins.

Mannréttindaskrifstofa Íslands skilaði viðbótarskýrslu til nefndarinnar og átti tvo afar árangursríka fundi með sérfræðingum hennar þann 7. júlí.

Í tilmælum nefndarinnar til stjórnvalda eru taldar til aðgerðir yfirvalda sem nefndin telur til þess fallnar að vinna gegn kynjamisrétti auk fjölda tilmæla um úrbætur.

Nefndin lýsti m.a. ánægju sinni með skil skýrslu stjórnvalda en þótti miður að í skýrslunum væri ekki að finna útlistan á framkvæmd ýmissa ákvæða samningsins og fyrri tilmælum nefndarinnar. Nefndin fagnaði nýlegum lagabreytingum sem væru til þess fallnar að styrkja stöðu kvenna, m.a. setningu nýrra laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 breytingum á almennum hegningarlögum

nr. 19/1940 er varða skipulagða glæpastarfsemi og mansal, heimilisofbeldi og kynferðisbrot. Nefndin lýsti ánægju sinni með samþykkt aðgerðaráætlunar um jafnrétti kynjanna fyrir árin 2004-2008, endurskipan nefndar um ofbeldi gegn konum árið 2007, endurvakningu verkefnisins „Karlar til ábyrgðar“ árið 2006 sem og samþykkt aðgerðaráætlunar gegn heimilis- og kynferðisofbeldi. Nefndin lýsti ánægju sinni með hátt hlutfall kvenna í sveitarstjórnnum; að konur væru nú 31.8% þingfulltrúa og 36.5% ráðherra. Nefndin lýsti jafnframt ánægju sinni með ýmsar aðgerðir til að vinna að jafnrétti kynjanna, m.a. „heimasíðuna jöfn framtíð fyrir stráka og stelpur“, stuðning við verkefni UNIFEM og skipan nefndar um tillögur að því hvernig auka má fjölda kvenna í stjórnunarstöðum í íslensku atvinnulífi.

Áhyggjuefni og tilmæli nefndarinnar um úrbætur spönnðu vítt svið. Nefndin hvetur stjórnvöld til að tryggja að skilgreining á mismunun gagnvart konum í íslenski löggjöf sé í samræmi við samning um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Nefndin lýsir áhyggjum sínum af þeirri staðreynd að enda þótt fjölmörg ákvæði samningsins endurspeglis í íslenski jafnréttislöggjöf þá eigi það ekki við um 4. grein samningsins þar sem kveðið er á um sérstakar bráðabirgðaráðstafanir sem miða að því að flýta fyrir að raunverulegt jafnrétti karla og kvenna náist. Nefndin mælir með því að stjórnvöld í leiði jafnréttislög ákvæði um innleiðingu og framkvæmd sérstakra bráðabirgðaráðstafana, í samræmi við 4. grein samningsins.

Nefndin lýsir áhyggjum sínum af almennum þekkingarskortri á ákvæðum samningsins, viðauka við hann og úrskurðum og álitum nefndarinnar, einkum í dómskerfinu. Nefndin tiltekur að hæstiréttur vísi ekki til samningsins í dómum sínum og mælir með því að stjórnvöld efla aðgerðir til að auka þekkingu á ákvæðum samningsins meðal dómara, lögmannna og lögfræðinga, svo ákvæði hans og markmið séu vel þekkt og þeim beitt í dómskerfinu.

Nefndin lýsir áhyggjum sínum af staðalmyndum sem grafa undan möguleikum kvenna til að njóta réttinda sinna til jafns við karla. Sérstaklega lýsir nefndin áhyggjum sínum af upplýsingum sem gefa til kynna að bæði karlar og konur sætti sig við launamun kynjanna. Nefndin mælir með því að stjórnvöld hefji virkar, langtímaaðgerðir til að uppræta staðalmyndir um stöðu og hlutverki kynjanna sem eru ríkjandi í íslensku samfélagi, m.a. með vitundarvakningu og fræðsluferferð í fjölmiðlum. Mælt er með því að stjórnvöld haldi áfram að hvetja fjölmiðla til að stuðla að hugarfarsbreytingu um viðtekin hlutverk kynjanna. Stjórnvöld eru

jafnframt hvött til að rannsaka sérstaklega hvernig staðalímyndir hafa áhrif á það hvort markmiðum samningsins sé náð í íslensku samfélagi og leggja mat á virkni núgildandi aðgerða með það að markmiði að styrkja þær.

Nefndin lýsir áhyggjum sínum af vægum refsingum í kynferðisafbrotamálum, sérstaklega í nauðgunarmálum og skorti á nákvæmum, þ. á m. tölulegum upplýsingum um dóma sem að hafa fallið í kynferðisbrotamálum. Nefndin hefur einnig áhyggjur af því ósamræmi sem ríkir á milli fjölda rannsakaðra mála í kynferðisbrotamálum og fjölda mála sem að leiða til opinberrar ákæru og dóms. Nefndin hvetur stjórnvöld til að tryggja að heildstæðum, lagalegum, og annars konar úrræðum sé til að dreifa, til að koma í veg fyrir, og bregðast við, ofbeldi gegn konum, einkum ofbeldi á heimilum og kynferðisofbeldi. Hvetur nefndin stjórnvöld til að efla rannsóknir og tölfræðilegar upplýsingar um ástæður og afleiðingar ofbeldis gegn konum og þá sérstaklega tengsl fórnarlamb og geranda og mögulegar ástæður þess að fórnarlömb eru rög við að leggja fram kæru. Nefndin beinir einnig þeim tilmælum til stjórnvalda að þau láti gera heildstæða athugun á skilvirkni íslenska réttarkerfisins þegar kemur að ofbeldisglæpum gegn konum og að í kjölfarið verði refsilöggjöf og lög um meðferð opinberra mála endurskoðuð til að ganga úr skugga um að gerendur séu ávallt sóttir til saka og dæmdir í samræmi við alvarleika brots. Ef athugunin leiðir í ljós að þörf er á harðari refsingum þá ættu stjórnvöld einnig að kveða á um harðari refsingar vegna ofbeldisglæpa gegn konum með fyrrgreindum lagabreytingum. Loks mælist nefndin til þess að stjórnvöld tryggi að konur sem hafa verið beittar ofbeldi fái umsvifalaust viðeigandi vernd. Nefndin lýsir m.a áhyggjum sínum á skorti á uppfærðum og nákvæmum upplýsingum um notkun og skilvirkni nálgunarbands í heimilis- og kynferðisafbrotamálum og skorti á fræðslu til lögreglu og dómssvalds um

nálgunarband. Nefndin leggur til að stjórnvöld bæti tölfræðiupplýsingar um notkun og skilvirkni nálgunarbands, sérstaklega í málum þar sem heimilis- og kynferðisofbeldi kemur við sögu. Hvetur nefndin einnig til að sérstök lög verði sett um nálgunarband. Nefndin lýsir einnig áhyggjum sínum á þeim hindrunum sem að fórnarlömb heimilis- og kynferðisofbeldis standa frammi fyrir þegar þær leita réttar síns og verndar, einkum að því er varðar konur af erlendum uppruna og konur í hópum sem eiga undir högg að sækja. Beindi nefndin þeim tilmælum til stjórnvalda að tryggja nægjanlegt fjármagn til þess að fórnarlömb hafi ávallt aðgang að umsvifalausri og viðeigandi aðstoð, kvennaathvörfum um allt land, fórnarlambavernd og lögfræðiaðstoð, ef við á. Þar sem 40% þeirra kvenna sem leita til Kvennaathvarfsins eru af erlendum uppruna ættu stjórnvöld að tryggja þeim, og öðrum hópum kvenna sem eiga undir högg að sækja, stuðning til þess að þær geti lagt fram kærur og fengið vernd og neyðist ekki til að ílendast í ofbeldissamböndum. Stjórnvöld eiga að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að auðvelda þeim að kæra ofbeldi. Nefndin mælist til þess að stjórnvöld yti úr vör upplýsingaherferð á landsvísu sem beinist að hópum kvenna sem eiga undir högg að sækja.

Nefndin lýsir áhyggjum sínum af skorti á upplýsingum um mansal og framkvæmd bands við mansali. Nefndin hefur einnig áhyggjur af því að lögleiðingu vændis og að tilvist ólöglegra nektarklúbba geti stuðlað að aukningu á mansali og misnotkun í tengslum við vændi. Nefndin lýsir einnig áhyggjum af því að fórnarlamba- og vitnavernd sé ekki til að dreifa fyrir fórnarlömb mansals. Nefndin mælist til þess að stjórnvöld hafa náði eftirlit með framkvæmd laga nr. 61/2007 um vændi og styrkiaðgerðir til að koma í veg fyrir og berjast gegn mansali og rannsaka vel þau mál sem að upp koma. Stjórnvöld eru einnig hvött til að rannsaka nektardansstaði. Þá hvetur nefndin stjórnvöld til að auka alþjóðasamstarf til



Frá fundi Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York, í júlí 2008..

að berjast gegn mansali, koma lögum yfir mansala og tryggja að mannréttindi kvenna og stúlkna sem eru fórnarlömb mansals séu virt. Þá hvetur nefndin stjórnvöld til að koma á fót vitna-vernd fyrir konur og stúlkur og að fullgilda alþjóðasaminga gegn mansali. Loks óskar nefndin eftir tölulegum upplýsingum um mansal og vændi, þ. á m. um afleiðingar þess fyrir mannréttindi kvenna að vændi var gert refsilaust.

Nefndin lýsir áhyggjum sínum af lágu hlutfalli kvenna í stjórnunarstöðum, sérstaklega hjá opinbera og í dómkerfinu. Sé litið til þess að meirihluti háskólamenntaðs fólks eru konur þá er það áhyggjuefni hversu fáar konur eru ráðandi í fræðasamfélaginu - þeim fækkar eftir því sem hærra er í metorðastigann komið. Nefndin lýsir einnig áhyggjum sínum af hversu fáar konur eru í stjórnunarstöðum hjá fyrirtækjum og að ekki hafi verið gripið til sérstakra bráðabirgðaaðgerða til að stuðla að frekara jafnrétti karla og kvenna innan einkageirans. Beinir nefndin þeim tilmælum til stjórnvalda að styrkja enn frekar aðgerðir til að vinna að fjölgun kvenna í stjórnunarstöðum, sérstaklega innan háskólasamfélagsins sem og aðgerðir til að hvetja konur til að sækja um stjórnunarstöður. Hvetur nefndin stjórnvöld til að koma á sérstökum tímabundnum aðgerðum til að flýta fyrir frekara jafnrétti karla og kvenna á öllum sviðum. Nefndin óskar eftir því að stjórnvöld fylgist með þróun varðandi stjórnunarstöður til þess að auka þátt kvenna með lagabreytingum eða öðrum aðgerðum og að þau veiti upplýsingar um hvernig til hefur tekist, m.a. með viðeigandi tölulegum upplýsingum.

Nefndin lýsir áhyggjum sínum að stöðugum, umtalsverðum launamun kynjanna, að jafnaði um 16%, sem aðallega skýrist af beinni mismunun. Nefndin beinir þeim tilmælum til stjórnvalda að þrýsta á framfylgd laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla um að fyrirtækjum og stofnunum sé skylt að koma á fót sérstakri jafnréttisáætlun eða að setja ákvæði um kynjajafnrétti í stefnumótun sína. Nefndin lýsir áhyggjum sínum á því að konur virðast frekar vinna hlutastörf en karlar. Telur nefndin að hefðbundin viðhorf um stöðu og hlutverk kvenna og karla lífi góðu lífi í íslensku samfélagi og séu helsta ástæða þess að konur eiga undir högg að sækja á atvinnumarkaði. Nefndin hvetur íslensk stjórnvöld til að styrkja aðgerðir sínar sem miða að því að uppræða hefðbundin viðhorf um stöðu og hlutverk karla og kvenna í þjóðfélaginu með það að markmiði að stuðla að samhljómi fjölskyldulífs og atvinnu, fyrir konur jafnt sem karla. Nefndin hvetur einnig til þess að gerð verði rannsókn á því hvers vegna konur gegna frekar hlutastörfum ásamt afleiðingum löggjafar um

foreldraorlof. Nefndin lýsir einnig áhyggjum sínum af mögulegu kynjamisrétti í fiskiðnaði, þ. á m. varðandi atvinnustarfsemi og aðgang að tækifærum til styrkja eða lána innan greinarinnar. Einnig gætu aðstæður á vinnustað fælt konur frá, t.d skortur á öryggisráðstöfunum. Leggur nefndin til að stjórnvöld reyni að komast að ástæðum þess hversu fár konur er finna í fiskiðnaði og vinni að því að auka þátttöku þeirra í atvinnugreininni.

Nefndin lýsir áhyggjum sínum af áfengisneyslu kvenna á Íslandi. Nefndin lýsir einnig áhyggjum sínum af því að fleiri konur greinist nú með HIV smit en karlar. Þá lýsir nefndin áhyggjum sínum af því að almenn athugasemd nr. 25 hafi ekki verið höfð til hliðsjónar við stefnumótun í heilbrigðismálum. Beinir nefndin þeim tilmælum til stjórnvalda að sinna frekari rannsóknum til að greina ofangreind vandamál og til þess að bæta heilbrigðisþjónustu og kynjasjónarmið á öllum sviðum heilbrigðiskerfisins, í samræmi við athugasemd 24. Þá mælist nefndin til þess að stjórnvöld grípi til viðeigandi ráðstafana til þess að bæta versnandi geðheilsu kvenna og stúlkna, til að koma í veg fyrir misnotkun á áfengi og eituryljum og sjálfsvíg, og að tryggt sé nægt fjármagn til þessara aðgerða.

Nefndin lýsir áhyggjum sínum af íslensk löggjöf um eignaskipti við skilnað taki ekki nægjanlegt mið af hefðbundnu efnahagslegu ójafnvægi kynjanna sem er afleiðing kynja-aðgreiningar á vinnumarkaði, stærri þætti kvenna í óborguðum heimilisstörfum og fjölskylduábyrgð. Nefndin hvetur stjórnvöld til þess að gera athugun á efnahagslegum afleiðingum skilnaðar fyrir bæði kynin. Nefndin hvetur jafnframt stjórnvöld til að bæta upplýsingasöfnun og rannsóknir er tengjast efni samningsins.

Nefndin beinir þeim tilmælum til stjórnvalda að íhuga að stofnsetja sjálfstæða þjóðbundna mannréttindastofnun. Stofnunin ætti að starfa samkvæmt Parísarreglum Sameinuðu þjóðanna og sinna fjölbreyttum störfum á sviði mannréttinda, til að vinna að eflingu og vernd þeirra. Þá hvetur nefndin til þess að Alþingi taki virkari þátt í að koma tilmælum nefndarinnar í framkvæmd og við samningu ríkjaskýrslunnar. Nefndin leggur áherslu á að virk framkvæmd samningsins er nauðsynleg til þess að Þúsaldarmarkmiðunum verði náð.

Loks hvetur nefndin til þess að stjórnvöld fullgildi þá mannréttindasamninga Sameinuðu þjóðanna sem Ísland á enn ekki aðild að.

Evrópuráðið

Upplýsingaskrifstofa Evrópuráðsins

Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur um árabil séð um að senda Upplýsingaskrifstofu Evrópuráðsins um mannréttindamál skýrslu um dómaframkvæmd og lagasetningu á Íslandi er tengjast Mannréttindasáttmála Evrópu. Ber skrifstofunni að skila árlega úrdráttum úr dómum og lögum er tengjast MSE og er þetta efni birt í árbók upplýsingaskrifstofunnar. Framkvæmdastjóri vann skýrsluna að vanda.

Global Initiative on Psychiatry

Mannréttindaskrifstofan og svæðisskrifstofa Global Initiative on Psychiatry (GIP) unnu samstarfsverkefni er miðaði að því að stuðla að stofnsetningu trúnaðarmannakerfis fyrir geðfatlaða í Rússlandi. GIP eru alþjóðleg félagasamtök sem vinna að bættri geðheilbrigðisþjónustu um allan heim. Samtökin eru með svæðisskrifstofur í Litháen, Búlgaríu, Georgíu og Tadjikistan. Verkefnið, sem var styrkt af Norðurlandaráði, bar yfirskriftina *Development of NGO Activities in Kaliningrad District: Protecting Human Rights by Implementation of Patients' Advocacy System for Mental Health Services Users – Person of Trust Position*. Verkefnið fólst í námsheimsóknnum, þjálfun geðheilbrigðisstarfsfólks í Rússlandi og lokaráðstefnu. Mannréttindaskrifstofan skipulagði fræðslufund fyrir sérfræðnga GIP á Íslandi. Fulltrúar GIP hittu fulltrúa heilbrigðisráðuneytisins, Geðhjálp, Geðsviðs Landspítala háskóla-sjúkrahúss, Mannréttindaskrifstofu og heimsóttu einnig ýmis samtök og stofnanir. Framkvæmdastjóri flutti síðan erindi á lokaráðstefnu vekefnisins í Vilnius, um málssvarastarf félagasamtaka, samstarf við eftirlitsstofnanir Sameinuðu þjóðanna og vitundarvakningarherferðir. Framkvæmdastjóri átti einnig fróðlega fundi með Umboðsmanni þings Litháens, Mannréttindastofnun Litháens og fulltrúum GIP.

Evrópusambandið

Mannréttindaskrifstofan heldur utan um COST-verkefnið og Evrópusambandsverkefnið *Non-discrimination and diversity training* hér á landi, í samvinnu við Migration Policy Group og European Human Consultancy. Verkefnið felur í sér þjálfun fyrir launþegahreyfinguna og félagasamtök til að auka þekkingu þeirra á tilmælum Evrópusambandsins á sviði fjölmenningar og jafnréttis og íslenski löggjöf gegn mismunun. Sjá hér að framan.

Norrænt samstarf

Nordic Journal of Human Rights

Nordic Journal of Human Rights, áður Mennesker og Rettigheter, er norrænt tímarit um mannréttindamál, gefið út í Noregi í samstarfi norrænu mannréttindastofnananna. Fræðiritið, sem Torkel Opsahl stofnaði árið 1982 er þverfaglegt; fjallað er um mannréttindamál á breiðum grunni en lögð er áhersla á hágæðafræðigreinar á ensku og Norðurlandamálum. Mannréttindaskrifstofan á fulltrúa í útgáfustjórn og ritstjórn. Ágúst Þór Árnason, er fulltrúi í ritnefnd blaðsins en fulltrúi skrifstofunnar í útgáfuráði er Guðrún D. Guðmundsdóttir.

Norræni skólinn í mannréttindarannsóknum

Norræni skólinn í mannréttindarannsóknum, sem áður nefndist Norræna rannsóknarnetið, var formlega stofnaður í janúar 2002. Skólanum hefur tekist að festa sig vel í sessi undir ötulli forystu Martins Scheinin, framkvæmdastjóra hjá Abo Akademi stofnuninni. Þar á að kortleggja rannsóknir, sem verið er að vinna að á Norðurlöndum á sviði mannréttinda og koma á fjögurra ára þverfaglegu doktorsnámi sem verði skipulega uppbyggt og strangar kröfur gerðar um vísindaleg vinnubrögð. Sérstök áhersla verður lögð á norræn sjónarmið og norræn verkefni, en einnig alþjóðleg og þá sérstaklega verkefni sem tengja Norðurlönd umheiminum.

Norrænir samráðsfundir um mannréttindamál

Mannréttindaskrifstofan tók þátt í árlegum samráðsfundi norrænna stjórnvalda og mannréttindastofnana og reglulegum samráðsfundum framkvæmdastjóra norrænna mannréttindastofnana. Fundir eru gjarnan haldnir fyrir fundi mannréttindaráðs. Þó en tilgangurinn er að stilla saman strengi fyrir ráðið. Norrænu mannréttindastofnanirnar nýta þessa fundi til að koma áherslumálum sínum á framfæri og reyna að hafa áhrif á, og fræðast um stefnumið stjórnvalda í tilteknum mannréttindamálaflokkum.